FRÉTTABLAÐIÐ

44. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. MARS 2021



Mikil spenna var í lofti í gær vegna gosóróa á skjálftasvæðinu á Reykjanesi. Var jafnvel búist við að gos hæfist innan fárra klukkutíma en ekki voru merki um það á yfirborði þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Fjölmiðlafólki var ekki hleypt nær en að bílastæðinu við Oddafell, um tvo kílómetra austan við Keili. „Kvikan hljóp þarna upp eða til hliðar en virðist ekki hafa farið nálægt yfirborði og þá hafi hlutirnir róast niður," sagði Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, um stöðuna í gærkvöldi. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fylgi meirihlutans í Reykjavík eykst


Sjálfstæðisflokkurinn myndi missa einn borgarfulltrúa til Vinstri grænna ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú, miðað við nýja skoðanakönnun Gallup. Flokkur fólksins næði ekki inn manni en Framsóknarflokkurinn ætti afturkvæmt í borgarstjórn.

STJÓRNMÁL Samfylkingin mælist nú stærsti flokkurinn í Reykjavík með 26,4 prósenta fylgi, samkvæmt nýrri könnun Gallup. Um er að ræða eilítið meira fylgi en í niðurstöðum kosninganna 2018 þegar flokkurinn fékk 25,9 prósent atkvæða.

Flokkarnir sem mynda meirihluta í Reykjavík bæta allir við sig fylgi frá kosningum. Samanlagt fylgi meirihlutans er 54,7 prósent samkvæmt könnuninni en samanlagt kjörfylgi þeirra er 46,4 prósent.

Píratar mælast með 10,5 prósent og bæta við sig tæpum þremur prósentum frá kosningum. Bæði Viðreisn og Vinstri græn mælast með 8,9 prósenta fylgi. Um verulega fylgisaukningu er að ræða hjá

Hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa ef kosið yrði til borgarstjórnar Reykjavíkur í dag?



Allir flokkar í minnihluta tapa en fylgi allra flokka í meirihluta vex.

VG sem fékk 4,6 prósent atkvæða í kosningunum og myndi flokkurinn bæta við sig einum borgarfulltrúa.

Flokkarnir sem eru í minnihluta í borginni tapa hins vegar allir fylgi samkvæmt könnuninni.

Sjálfstæðisflokkurinn tapar einum borgarfulltrúa og mælist með 25,2 prósent sem er 5,6 prósentum undir kjörfylgi flokksins.

Miðflokkurinn dalar um rúmlega eitt og hálft prósent og Flokkur fólksins fengi ekki mann kjörinn samkvæmt könnuninni og fer úr 4,3 prósentum niður í 3 prósent. Framsóknarflokkurinn bætir hins vegar við sig einu prósenti frá kosningum og ætti afturkvæmt í borgarstjórn með einn fulltrúa.

Könnunina gerði Gallup fyrir Samfylkinguna á tímabilunum 6. nóvember til 13. desember 2020 og 28. janúar til 14. febrúar 2021. Um netkönnun var að ræða og 1.054 svöruðu henni. Tæp 62 prósent svarenda tóku afstöðu til einstakra stjórnmálaflokka. Rúm 11 prósent sögðust myndu skila auðu, ekki kjósa eða vildu ekki svara spurningunni en 26,9 prósent svarenda sögðust ekki vita hvaða flokk þau myndu kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú. – aá





Árbæjarstífla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skýri stöðuna vegna opnunar Árbæjarstíflu

SKIPULAGSMÁL Áður en Skipulagsstofnun getur tekið afstöðu til breytts deiliskipulags fyrir Elliðaárdal þarf Reykjavíkurborg meðal annars að skýra stöðuna vegna breytinga á rennsli Elliðaánna.

„Í greinargerð kemur fram að Árbæjarlón sé eitt helsta sérkenni svæðisins. Að gefnu tilefni bendir Skipulagsstofnun á að standi til að gera varanlega breytingu á lóninu með varanlegri opnun fyrir rennsli í gegn um stíflu þarf að gera grein fyrir því og umhverfisáhrifum þess í deiliskipulaginu," bendir Skipulagsstofnun á og nefnir nokkur atriði til viðbótar sem þurfi að lagfæra áður en hægt sé að afgreiða málið. „Setja þarf fram nánari skilmála um uppbyggingu og útfærslu vatnsleikjagarðs og tæknirýmis á svæði A54," segir til dæmis um þau atriði sem eru ófrágengin.

Nýtt skipulag snýst um 250 hektara borgargarð í Elliðaárdal. – gar

Eftirspurn meira en framboð



„Eina sem kom upp á í dag [í gær] var að það kláraðist hjá okkur bóluefnið," segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar hjá Heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu, um bólusetningar eldra fólks síðustu tvo daga. Ragnheiður útskýrir að miðað við hlutfall þeirra sem mættu á þriðjudag hafi fleiri verið boðaðir í gær en þá hafi hlutfallið hækkað. Bólusetningunni verði framhaldið næsta þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aparóla í Öskjuhlíð ekki ógn við karlkyns gíraffa

SKIPULAGSMÁL „Hugmyndin er að koma fyrir tveimur 235 metra zip-línum af fjórðu hæð Perlunnar," segir í erindi Perlu Norðursins ehf. til skipulagsyfirvalda í Reykjavík þar sem óskað er leyfis til að koma fyrir eins konar aparólu í Öskjuhlíðinni.

Gunnar Gunnarsson, eigandi Perlu Norðursins, segist ekkert vilja upplýsa um áformin að svo stöddu. Í erindi félagsins segir að línurnar eigi að liggja í átt að Fossvogskirkjugarði og enda í skógarrjóðri.

„Flogið verður yfir tré og yfir gamla óvirka Strók. Það er draumur okkar að koma lendingarpallinum fyrir inni í skógarrjóðrinu en við höfum fengið heimild til að færa til nokkur hálfdauð tré frá Skógræktarstjóra," segir í bréfi Perlu Norðursins.

Lendingarpallurinn verði nær þrettán metra hár en muni lítið sjást þar sem tré í kring séu hærri.

„Vegna hæðar línunnar eru engar líkur á því að hægt sé að rekast á fólk á göngustígum," segir áfram í bréfinu. Jafnvel þótt „karlkyns gíraffi væri á gangi" myndi yfir tveggja metra maður svífa þrjá metra yfir þriggja metra háum gíraffanum.



Fyrirhugað „zip line" í Öskjuhlíðinni.

„Fætur Zip-línugests sem er tveggja metra hár munu vera í tæpum níu metrum yfir Öskjuhlíðinni." – gar



Frelsandi að lifa bæði hægara og rólegra lífi

Stofnuð hefur verið hæglætishreyfing á Íslandi. Formaðurinn segir hugarró felast í því að tileinka sér einfaldara líf og að hæglæti hafi breytt lífi sínu og hugsunarhætti. Mikill áhugi virðist vera á hreyfingunni úti í samfélaginu.

SAMFÉLAG „Í grunninn snýst þetta um að taka sér tíma í það sem maður er að gera," segir Þóra Jónsdóttir, formaður Hæglætishreyfingarinnar á Íslandi. Hreyfingin var nýlega stofnuð hér á landi og samanstendur af fólki sem hefur tileinkað sér, eða hefur áhuga á að tileinka sér, hæglæti.

Þóra segir hæglæti snúa að því að vera með athygli á núlíðandi stund. „Að heyra og hlusta, að anda og njóta, að velja meðvitað að takmarka streitu, draga úr neyslu, taka sér minna fyrir hendur og gera færri hluti í einu," segir hún.

Sjálf kynntist Þóra hugmyndinni um hæglæti fyrir um fimmtán árum. „Ástandið í samfélaginu er svo rafmagnað af keppni, spennu og einhvers konar hamfarahyggju," segir hún.

„Við erum öll í svo mikilli keppni um að eiga fínustu húsin, ná að gera allt sem ætlast er til af okkur og vera dugleg á öllum sviðum en á sama tíma sýnum við bara glansmynd af okkur á samfélagsmiðlum svo við erum ekki einu sinni að keppa við sannleikann," bætir Þóra við.

Að sögn Þóru breytti það miklu í hennar lífi þegar hún tileinkaði sér hæglæti. „Ég hef alla tíð átt erfitt með hraða samfélagsins og þegar ég uppgötvaði hæglæti var það mikil hugarró fyrir mér," segir hún.

„Það að láta af eigin hugmyndum og eigin kröfum um það að ég væri ekki að standa mig nógu vel heldur að ég mætti bara lifa sæl og glöð með það sem ég hefði var frelsandi fyrir mig."

Hreyfinguna stofnaði Þóra í hópi kvenna sem allar halda úti Instagram-reikningum sem snúa að einhverju leyti að hæglæti.



Þóra segir því hafa fylgt ró þegar hún flutti úr borg í sveit. MYND/AÐSEND

> **Það er heillandi hugsa um það hvað er í fyrsta sæti en ekki bara spenna bogann og eignast allt á lánum þannig að þú þurfir að vinna meira til að geta átt fyrir lánunum.**
>
> Þóra Jónsdóttir, formaður Hæglætishreyfingarinnar á Íslandi



„Mig langaði að stofna hóp utan um þetta hugðarefni og það er mikill áhugi í samfélaginu," segir Þóra.

Markmið hreyfingarinnar er að skapa umræðu um hæglæti og eru Þóra og félagar hennar í hreyfingunni nú þegar farin af stað með hlaðvarpsþátt um efnið.

„Það eru margir opnir fyrir þessum pælingum," segir Þóra. „Það er heillandi að hugsa um það hvað er í fyrsta sæti, en ekki bara spenna bogann og eignast allt á lánum þannig að þú þurfir að vinna meira til að geta átt fyrir lánunum, heldur að láta nægja það sem þú hefur þar til þú getur bætt við."

Þóra segir miklvægt að staldra við og jafnvel vinna minna þó það þýði að fólk geti þá kannski ekki leyft sér eins mikið, „En þú nýtur þess mögulega betur að eiga samfylgd og góðar stundir með þér og fjölskyldunni þinni," segir hún.

birnadrofn@frettabladid.is

MAXUS

NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!

MAXUS EUNIQ
100% RAFKNÚINN 7 MANNA FJÖLSKYLDUBÍLL

MAXUS EUNIQ ER GLÆSILEGUR FJÖLNOTABÍLL SEM KEMUR ÞÉR OG ÞÍNUM HVERT SEM ER Á HLJÓÐLÁTAN OG UMHVERFISVÆNAN HÁTT.



Maxus Euniq er glæsilegur 7 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með 356 km drægni innanbæjar og 260 km drægni í blönduðum akstri.

VERÐ KR. **6.690.000**

MAXUS 100% RAFKNÚINN

- 360°myndavélakerfi.
- Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
- Rafopnun á afturhlera.
- Upp að 356 km drægni (WLTP).
- Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.

Maxus á Íslandi YouTube

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

www.vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Fiskistofa fær betra tækifæri til að sinna eftirliti með drónum

SJÁVARÚTVEGUR Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, vonast eftir skilvirkara eftirliti og aukinni framfylgni laga um fiskveiðar, með nýju frumvarpi um viðurlög. Meðal annars verður Fiskistofu fengin heimild til stjórnvaldssekta og eftirlits með drónum, sem er reyndar þegar hafið.

Löggjöfin er sett til þess að bregðast við skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu frá árinu 2018.

„Sú þróun hefur átt sér stað í stjórnsýslunni að eftirlitsaðilum hefur verið fengin heimild til að beita refsikenndum viðurlögum eins og stjórnvaldssektir eru. Það eru annars konar heimildir og snúa ekki eingöngu að því að beina aðilum á réttar brautir heldur að beita viðurlögum fyrir brot sem þegar hafa átt sér stað," segir í svari við fyrirspurnum Fréttablaðsins.

Fiskistofa getur þegar beitt dagsektum, áminningum og leyfissviptingum.



Smábátaeigendur eru ósáttir með dróna Fiskistofu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Frumvarpið verður sett á dagskrá Alþingis í vor en Fiskistofa byrjaði að nota drónana í janúar. Hafa smábátaeigendur kvartað yfir þeim og sagt að eftirlitið beinist fyrst og fremst gegn þeim en ekki stóru skipunum.

Samkvæmt svari ráðuneytisins mun frumvarpið ekki aðeins gera eftirlitsmönnum kleift að nota dróna heldur einnig langdræga sjónauka og fleiri eftirlitstæki og fylgjast með stærra svæði.

Við spurningunni um hvort verið sé að breyta eðli Fiskistofu segir ráðuneytið að frekar sé um áherslubreytingu að ræða til þess að stofnunin ráði við þau verkefni sem henni eru falin. „Fiskveiðistjórnarkerfið byggir á nokkrum lagabálkum og telur ráðuneytið eðlilegt að samræma úrræði og viðurlög þeirra laga sem fjalla um fiskveiðistjórn og fylgja þeirri þróun í stjórnsýslunni að færa Fiskistofu sterkari heimildir til eftirlits og viðurlaga." – khg



Álfhólsskóli. MYND/KÓPAVOGSBÆR

Myglulokun í Álfhólsskóla

KÓPAVOGUR Einni álmu Álfhólsskóla er lokað frá og með í dag vegna myglu í þaki. Lokunin er varúðarráðstöfun til að vernda 400 nemendur og starfsmenn, segir í tilkynningu frá Kópavogsbæ.

Aðdragandinn er sá að starfsmaður fann fyrir einkennum sem fylgja raka- og mygluskemmdum. Kom í ljós raki undir gólfdúk. Síðan fannst myglusveppur í þakinu.

Áfram verður tryggð kennsla og er verið að skipuleggja hana. – bb

Sprenging við skimunarstöð

HOLLAND Heilbrigðisráðherra Hollands, Hugo de Jonge, var harðorður í garð þeirra sem sprengdu röraprengju utan við skimunarstöð í bænum Bovenkarspel í gær. „Í rúmlega ár höfum við þurft að reiða okkur á framlínufólkið okkar og þetta eru viðbrögðin. Brjálæði," sagði Jonge.

Hollendingar hafa greint 1,1 milljón tilfella.

Skimunarstöðin í Bovenkarspel hefur tekið á móti allt að 800 einstaklingum á dag. Enginn meiddist í sprengingunni sem varð rétt fyrir sjö um morguninn. Stutt er síðan skimunarstöð í Hollandi var brennd til kaldra kola í mótmælum aðgerðasinna gegn takmörkunum stjórnvalda. – kpt

Gosspenna á Reykjanesskaga

Óróapúls og kvikuhlaup á Reykjanesskaganum í gær bentu til að von væri á eldgosi á svæðinu á næstu dögum. Jarðeðlisfræðingur sem Fréttablaðið ræddi við átti ekki von á því að næstu byggðir væru í hættu.

NÁTTÚRUHAMFARIR Kaflaskil urðu í jarðskjálftahrinunni á Reykjaneskaga í gær þegar svo virtist sem von væri á eldgosi.

Óróapúls greindist á mælum um miðjan dag og var þyrla Landhelgisgæslunnar send af stað til að kanna hvort gos væri að hefjast. Þegar Fréttablaðið fór í prentun var gos ekki hafið.

„Þetta sem við sáum í dag var greinilega kvikuhlaup, kvikan hljóp þarna upp eða til hliðar en virðist ekki hafa farið nálægt yfirborði og þá hafi hlutirnir róast aftur," sagði Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði, um stöðu mála í gærkvöld.

„Svo er bara spurningin hvert framhaldið verður, eftir því sem svona atburðarás dregst á langinn aukast líkurnar á að þetta endi á gosi. Það verður að koma í ljós," heldur Magnús Tumi áfram.

„Ef það kemur eldgos á Reykjaneesskaga yrði það sögulegur atburður. Það hefur ekki komið gos á þessu svæði í 800 ár og það gæti komið hrinu af stað. Það skal samt ekki gleymast að hrinur geta staðið yfir í aldir og það voru áratugir milli gosa síðast."

Fram kom á blaðamannafundi almannavarna að jarðskjálftavirknin væri milli Litla-Hrúts og Keilis. Þar gæti kvika verið að brjóta sér leið og færast nær yfirborðinu. Freysteinn Sigmundsson hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands sagði erfitt að spá fyrir um nákvæma tímasetningu eldgossins.


Um leið tilkynnti Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn að fyrstu tákn væru um að gosið yrði eftir þeim sviðsmyndum sem Veðurstofan var búin að teikna upp og að hraunstraumar ættu ekki eftir að ógna mannfólki.

„Ef þetta endar með eldgosi þá ætti þetta ekki að vera sprengigos heldur flæðigos með lítilli sprengivirkni. Þetta ætti fyrir vikið ekki að koma til með að ógna næstu byggðum þótt það sé skiljanlegt að fólk í næstu byggðum hafi áhyggjur. Það snertir marga að það sé eldgos á þessu svæði en miðað við fyrri gos á þessu svæði ættu byggðir ekki að vera í hættu þótt það sé aldrei fullvíst," sagði Magnús Tumi, aðspurður út í hættuna fyrir næstu byggðir.

„Það getur alveg gerst að það verði ekkert gos á næstunni. Í Kröflueldum voru sífellt blikur á lofti um að það færi að gjósa en það var ekki fyrr en eftir árabil sem fyrsta gosið var. Það er ekki hægt að færa það yfir á þetta en það sýnir að það getur heilmikið kvikuhlaup átt sér stað án þess að það gjósi upp," sagði Magnús Tumi.

kristinnpall@frettabladid.is

Hraunspá eldfjallafræði- og náttúruvárhóps HÍ



Um kvöldmatarleytið birti Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands breytta hraunspá. MYND/JARÐVÍSINDASTOFNUN HÍ

Eftir því sem svona atburðarás dregst á langinn aukast líkurnar á að þetta endi með gosi.



Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði













LAGER HREINSUN á flísum

Verð frá kr.
597 pr.m²

40-70%
afsláttur

Takmarkað magn!

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Þingmaður vill vita hvort lögreglunemar skili sér til embættanna

LÖGREGLUMÁL Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Miðflokksins, hefur lagt inn fyrirspurn til dómsmálaráðherra um hvort nýútskrifaðir lögreglumenn gangi í lögregluna og sérstaklega hvort konur geri það.

„Það hefur verið talað um að konur hætti frekar í lögreglunni. Að þær fari í lögregluna í eitt eða tvö ár en haldi svo í önnur störf, sérstaklega á þeim tíma þegar atvinnuleysi var ekki hátt," segir Karl Gauti sem sjálfur var skólastjóri Lögregluskólans árin 2014 til 2017, áður en náminu var breytt og það flutt til Háskólans á Akureyri.

Karl Gauti segir ásókn kvenna í lögreglunámið sjálft síst minni en karla og þegar hann hafi verið skólastjóri hafi kynjahlutfall nemenda verið hnífjafnt. Hann segist ekki beint hafa áhyggjur af stöðunni en nauðsynlegt sé að komast að því hvort þær skili sér jafn vel í störfin og karlar.

> Það hefur verið talað um að konur hætti frekar í lögreglunni.



Karl Gauti Hjaltason, þingmaður Miðflokksins

Karl Gauti hefur áður sent inn nokkrar fyrirspurnir um lögreglumál, meðal annars um hvort nemar skili sér til embættanna, sem þeir hafa flestir gert hingað til.

Með fyrirspurnunum segir Karl Gauti fást betri innsýn í hvernig breytingin á náminu hafi gengið. Hann hafi heyrt ánægjuraddir og söknuð eftir gamla skólanum.

Meðal þess sem Landssamband lögreglumanna, lögreglumenn og lögreglunemar hafa gagnrýnt hið nýja nám fyrir er skortur á starfsreynslu og kennslu á LÖKE tölvukerfi lögreglunnar. Námið sé of fræðilegt og undirbúi nemendur ekki nægilega vel undir kaldan veruleika lögreglustarfa.

Rektor Háskólans á Akureyri hefur hins vegar bent á að námið sé í stöðugri þróun. **– khg**

Flugvallarfólk verði bólusett

REYKJANESBÆR Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skorar á stjórnvöld að flýta bólusetningu flugliða og starfsfólks flugfélaga sem á í samskiptum við farþega. Segir bæjarstjórnin að 40 prósent af efnahagsumsvifum á Reykjanessvæðinu megi rekja til Keflavíkurflugvallar.

Telur bæjarstjórnin þetta myndu draga úr neikvæðum áhrifum COVID-19 á starfsemi flugvallarins. Samkvæmt könnunum erlendis líti ferðamenn helst til aðgerða gegn kórónaveirunni. **– kpt**



Pósturinn varar við svikapóstum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Enn varað við svikapóstum

LÖGREGLUMÁL Pósturinn ítrekaði í gær að óprúttnir aðilar væru að senda tölvupósta í nafni fyrirtækisins til að komast yfir kortaupplýsingar. „Þetta hefur verið algengt síðasta árið og ekkert lát virðist vera á þessu," segir í tilkynningu Póstsins.

Pósturinn segir mikilvægt að smella ekki á hlekki sem fylgja þessum póstum, ekki gefa persónulegar upplýsingar eða kortanúmer og fullvissa sig um að sending sé raunveruleg.

Sendingarnúmer hjá Póstinum eru 13 stafir, þar af tveir bókstafir fremst og tveir aftast með talnarunu á milli. Margir svindlpóstar er með slík númer. Á heimasíðu Póstsins megi smella á „Finna sendingu" og leita þar að sendingarnúmeri. **– bb**

Foreldrar sagðir móðursjúkir

Mörg börn í Fossvogsskóla eru sögð glíma við óútskýrðar blóðnasir. Liðið hefur yfir stúlku af sársauka og drengur þurft að fara oft til læknis. Móðir barns í skólanum segir foreldra sagða móðursjúka í borgarstjórn.

HEILBRIGÐISMÁL Áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskóla, Ragnheiður Davíðsdóttir, lýsti á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og umhverfis- og heilbrigðisráðs á mánudag yfir vantrausti á Verkís og ráðin tvö vegna framkvæmda við Fossvogsskóla.

Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, kynnti líðan barns sem hún þekkir til og er í 7. bekk í Fossvogsskóla á fundi borgarstjórnar á þriðjudag. Sú stúlka hefur verið fárveik í hartnær þrjú ár og átt í erfiðleikum með að vera í tímum.

Ragnhildur sagði hana eiga erfitt með að leika við vini sína vegna höfuðverkja sem lýsa sér þannig að hún lamast vegna sársauka.

„Stúlkan hefur kastað upp vegna sársauka og það hefur liðið yfir hana," sagði hún. Þá sé hún með mikla taugaverki í líkamanum og læknar sem hafa skoðað litlu stúlkuna séu allir sammála um að ástæðan sé myglan í skólanum.


Fréttablaðið fékk póst frá afa barns í skólanum fyrir skömmu. Sá drengur var sagður hafa verið lífsglaður og ánægður en lífið sé nú orðið honum erfitt. Strákurinn hafi þurft að leita enn einu sinni til læknis fyrir skömmu, nú vegna sýkingar í augum. Undanfarin ár hafi verið honum erfið og hann sé kominn með flókna sjúkrasögu. Margoft fengið óeðlilegar blóðnasir, verið rannsakaður í þaula, meðal annars höfuð skannað en ekkert óeðlilegt fundist. Hann sé oft frá skóla vegna maga- og höfuðkvala.

Á fundi borgarstjórnar kom fram að eitt barn hefði þegar hætt í skólanum og að tíu börn væru veik vegna ástands skólans. Ragnheiður segir að tölurnar séu allt of lágar.



Í Fossvogsskóla finnst mygla og börn hafa þegar hætt í skólanum því þau fundu fyrir vanlíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég held að þetta sé fullreynt hjá Verkís. Þeir hafa verið í þessu lengi og ekki tekist að laga þetta.



Sigríður Ólafsdóttir, foreldri barns við Fossvogsskóla

> Stúlkan hefur kastað upp vegna sársauka og það hefur liðið yfir hana.



Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

„Barnið sem hún Ragnhildur talaði um er bara eitt barn af mörgum sem glímir við skelfilegar afleiðingar," segir Ragnheiður. „Það er fáránlegt að óeðlilegar blóðnasir þekkist meðal barna í sama skólanum. Þetta er bara einn strákur af mörgum börnum sem eru að þjást. Og ekki bara börnin því það er einn kennari kominn í veikindaleyfi."

Stutt er síðan að foreldrar barna í Fossvogsskóla sendu frá sér yfirlýsingu þar sem kom fram að traust þeirra til borgarinnar væri brostið. Börnin séu ennþá veik, þriðja skólaveturinn í röð, og þar sé enn að finna hættulegar myglutegundir sem geta valdið krabbameini.

Sigríður Ólafsdóttir, foreldri barns við Fossvogsskóla, segir að hún vilji gjarnan fá verkfræðistofuna Eflu að málinu í stað Verkís. Mannvit hafi leitað að myglu en ekki fundið og skólanum hafi svo verið lokað fjórum mánuðum síðar.

„Ég held að þetta sé fullreynt hjá Verkís. Þeir hafa verið í þessu lengi og ekki tekist að laga þetta. Þess vegna treystum við foreldrar þeim ekki lengur," segir Sigríður sem kveður veikindasögurnar keimlíkar.

„Þetta er saga margra barna í Fossvogsskóla. Á fundi borgarstjórnar kom einnig fram að okkur foreldrum hefur verið lýst sem móðursjúkum, hysterískum með annarlegar hvatir á bak við þegar það eina sem við viljum er að börnin okkar séu heilbrigð í skólanum." **benediktboas@frettabladid.is**



Smit þótt fólk framvísi PCR-vottorðum

COVID-19 Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir segir athyglisvert að sum þeirra sem greinast á landamærunum hafi skilað inn neikvæðu PCR-vottorði fyrir komuna en krafa er nú gerð um bæði neikvætt PCR-próf og tvöfalda skimun við komuna til landsins. Núverandi fyrirkomulag er í gildi til 1. maí.

„Þetta er akkúrat sú reynsla og þekking sem við erum að afla okkur, hversu vel getum við treyst á þessi neikvæðu PCR-vottorð sem fólk er að koma með, og það er náttúrulega áhugavert ef fólk er að koma með neikvætt PCR-vottorð en er samt að greinast hér á landamærunum," segir Þórólfur.

Spurður hvort það séu dæmi um að slíkt gerist erlendis segir Þórólfur að það sé ekki hægt að segja til um það þar sem fyrirkomulagið hér á landi er mikið strangara en annars staðar.

Í gær voru ellefu einstaklingar hér á landi í einangrun með virkt COVID-19 smit og sjö lágu inni á sjúkrahúsi. Enginn var á gjörgæslu. Enginn greindist innanlands sólarhringinn á undan og þrettán voru í sóttkví.

Frá því að faraldurinn greindist fyrst hér á landi fyrir rétt rúmu ári hafa verið staðfest yfir sex þúsund smit og tekin hafa verið nærri 280 þúsund sýni innanlands. Tæplega 46 þúsund einstaklingar hafa lokið sóttkví og 327 hafa verið lögð inn á sjúkrahús, þar af eru um fimmtíu innlagnir á gjörgæslu. **– fbl, bdj**



Þrátt fyrir vottorð eru komufarþegar skimaðir tvisvar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞRÝSTNAR VARIR

Ný og háþróuð formúla sem dekrar við varirnar

Þessi silkimjúka blanda nærir ekki aðeins og mýkir varirnar sjálfar heldur allt svæðið í kring og undirstrikar dásamlega fyllingu stútsins á vörunum.



TOTAL LIP TREATMENT

sensai-cosmetics.com

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar þú kaupir hið einstaka Total Lip Treatment. Sérfræðingar SENSAI verða í Kringlu og Smáralind meðan á kynningardögum stendur.



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SENSAI
VÖRUM DAGANA 4. - 10. MARS

HAGKAUP
Snyrtivara

Takmarkað úrval af Sensai fæst á Selfossi

Bann á verðmæta gripi á hættusvæði

Tækniminjasafninu á Seyðisfirði er óheimilt að geyma gripi Gömlu símstöðvarinnar á hættusvæðinu. Verið er að fara yfir allan safnkostinn og grisja það sem ekki er talið verðmætt. Framtíðarfyrirkomulag safnsins kemst ekki á hreint fyrr en með nýju hættumati.

NÁTTÚRUHAMFARIR Safnaráð hefur tilkynnt að Tækniminjasafninu á Seyðisfirði sé ekki heimilt að geyma verðmætustu gripina á hættusvæði C eftir að aurskriðurnar miklu féllu í desember. Þetta eru munir úr Gömlu símstöðinni sem hafa verið til sýnis að Hafnargötu 44. Meðal þessara gripa eru búnaður til morssendinga og allt sem því tilheyrir.

Starfsmenn safnsins eru nú í samstarfi við Þjóðminjasafnið að fara yfir alla munina og meta hvað verður flutt og hverju fargað. Starfsemi safnsins hefur verið í fleiri húsum, svo sem Angró, Skemmunni og Vélsmiðjunni.

Er safnið nú skilgreint á neyðarstigi og björgun muna stendur yfir. Í þrígang á tveimur mánuðum hefur svæði í suðurhluta Seyðisfjarðar verið rýmt vegna ofanflóðahættu.

Skúli Vignisson stjórnarformaður segir framtíðarfyrirkomulag safnsins nú í biðstöðu. „Við erum enn að bíða eftir nýju hættumati og hvort það verði hægt að byggja á staðnum," segir hann.



Tækniminjasafnið skemmdist mikið í aurskriðunum í vetur. MYND/AÐSEND

> **Það er bæði óumhverfisvænt og dýrt að geyma of mikið af munum sem hafa ekkert sérstakt gildi fyrir safnið.**
>
> Skúli Vignisson, stjórnarformaður Tækniminjasafnsins



Skemmdir á safnsvæðinu urðu gríðarlegar í skriðunum og hafin er hópfjármögnun til endurbyggingar.

„Það er eiginlega ekkert húsnæði laust hérna á Seyðisfirði þannig að við þurfum sennilega að keyra þessu verðmætasta á Egilsstaði," segir Skúli. „Það sem er ekki talið verðmætt verður flutt í skemmu á Strandavegi."

Tækniminjasafnið á gríðarlegt magn muna og byrjað var að huga að grisjun áður en skriðurnar féllu. Þetta eru munir sem til eru önnur eintök af í öðrum söfnum og þykja ekki mjög verðmætir.

„Safnið á allt of mikið af munum og sérfræðingar Þjóðminjasafnsins aðstoða okkur við að fara yfir safnkostinn. Það er bæði óumhverfisvænt og dýrt að geyma of mikið af munum sem hafa ekkert sérstakt gildi fyrir safnið," segir Skúli. Ekki sé nóg að hluturinn sé gamall, hann verði að hafa tengingu við safnið og samfélagið fyrir austan.

Skúli segir verkefnið mjög umfangsmikið og marga koma að starfinu. Reiknar hann með því að verkefnið taki tvo eða þrjá mánuði en þá verður skammt í að hættumat liggi fyrir og hægt verður að skipuleggja starfsemina til frambúðar.

„Við þurfum væntanlega að byggja nýtt húsnæði. Hvort það verður á þessum stað eða annars staðar í bænum verður að koma í ljós," segir Skúli. Öruggt sé þó að Tækniminjasafnið flytji ekki frá Seyðisfirði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Aðalfundur Símans hf.

Verður haldinn rafrænt fimmtudaginn
11. mars 2021 kl. 16:00

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings samstæðu og móðurfélags og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins, ef borist hafa.
5. Kosning þriggja einstaklinga í tilnefningarnefnd.
6. Kosning stjórnar félagsins.
7. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra sem og þóknun nefndarmanna í undirnefndum og í tilnefningarnefnd.
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
10. Tillaga um lækkun á hlutafé vegna eigin hluta og breytingu á samþykktum félagsins.
11. Tillaga um lækkun á hlutafé með greiðslu til hluthafa og breytingu á samþykktum félagsins.
12. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
13. Tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá.
14. Önnur mál.

Tvær tillögur eru um breytingar á samþykktum félagsins vegna lækkunar hlutafjár sem báðar varða grein 4.1 í samþykktunum. Þá er lögð til breyting á viðauka við samþykktir sem tengjast heimild til kaupa á eigin hlutum félagsins.

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 10.6 í samþykktum félagsins að aðalfundur verði eingöngu haldinn rafrænt. ***Hluthafar sem ætla að sækja fundinn skulu skrá sig á smartagm.com eigi síðar en fimm dögum fyrir hluthafafundinn, eða fyrir klukkan 16:00, 6. mars 2021.*** *Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumiglobal þar sem hluthafar geta fylgst með aðalfundarstörfum og tekið þátt í atkvæðagreiðslum.*

Stjórn Símans hf.

Vísað er til Kauphallartilkynningar Símans frá 18. febrúar 2021 þar sem boðað var til fundarins. Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þar á meðal skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir fundinn, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins **siminn.is**/umsimann/fundir.



Jörg Meuthen hefur setið á Evrópuþinginu frá 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Leyniþjónustan vill auka eftirlit með þingmönnum

ÞÝSKALAND Samkvæmt heimildum Der Spiegel mun þýska leyniþjónustan auka eftirlit með hegðun þingmanna flokksins Alternative für Deutschland, AfD.

Ákvörðunin var tekin á grundvelli þess að stjórnvöld í Þýskalandi óttast að meðlimir flokksins ali á hatri sem ógni lýðræði landsins. Talsmaður þýsku leyniþjónustunnar vildi ekki staðfesta fregnirnar þegar leitað var eftir viðbrögðum.

Með ákvörðuninni er ljóst að stjórnvöld í Þýskalandi myndu vakta öll samskipti starfsmanna AfD, en að sögn Stefan Keuter sem situr á þingi fyrir hönd flokksins, mun AfD berjast gegn ákvörðuninni ef setið verður um þingmenn hans.

AfD hefur barist gegn því að landamærin séu opnuð fyrir flóttamönnum og gegn Evrópusambandinu og byggir á hugmyndum öfgahægri stefnu. Þá hefur flokkurinn gefið sig út fyrir að vera á móti íslamsvæðingu vestrænna ríkja.

Flokkurinn sem var stofnaður árið 2013 átti góðu gengi að fagna í þingkosningunum árið 2016 þegar fjölmargir kjósendur sem voru ósáttir við þá stefnu Angelu Merkel að opna landamærin fyrir milljónum flóttamanna kusu hinn nýja flokk. Heilt yfir fékk flokkurinn tæplega sex milljónir atkvæða og 94 sæti af 594 í kosningunum og sæti á öllum héraðsþingum.

> **Við höfum ekki fengið upplýsingar um ákvörðun um að auka eftirlit með flokki okkar. Ef það reynist satt munum við berjast gegn því fyrir dómstólum.**
>
> Stefan Keuter, þingmaður AfD


Stefna AfD um að vera mótfallinn aðgerðum stjórnvalda til að hindra frekari útbreiðslu kórónaveirunnar hefur dregið verulega úr fylgi flokksins að undanförnu. Búist er við að fylgið hrynji í þingkosningunum sem eru á dagskrá síðar á þessu ári.

Öfgasinnaðir stuðningsmenn AfD hafa verið dæmdir fyrir ódæðisverk á undanförnum mánuðum. Stephan Ernst sem vann sem sjálfboðaliði fyrir flokkinn var á dögunum dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir morðið á Walter Lübcke, þingmanni Kristilegra demókrata.

Þá var maður dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir áramót fyrir skotárás í samkunduhúsi gyðinga í Þýskalandi. Maðurinn sýndi frá árásinni í beinni og viðurkenndi við yfirheyrslur að aðhyllast stefnu öfgahægri flokka. **– kpt**

THULE

BRUGGAR LÉTTBJÓR BARA TIL AÐ GETA AUGLÝST



A.M.K. HEIÐARLEGUR

„LÉTTBJÓR“

MARKAÐURINN

Varar við ótímabærri uppstokkun

Stjórnarmaður í Icelandair Group segir ótímabært að gera breytingar á stjórninni á næsta aðalfundi. Samsetning sitjandi stjórnar eigi vel við í þeim krefjandi aðstæðum sem flugfélagið er í. Tveir frambjóðendur reyna að afla stuðnings fyrir margfeldiskosningu.

Guðmundur Hafsteinsson, stjórnarmaður í Icelandair Group og fyrrverandi yfirmaður vöruþróunar Google Assistant, segir ótímabært að skipta út stjórnarmönnum. Samsetning núverandi stjórnar eigi vel við þær krefjandi aðstæður sem flugfélagið er í og mikilvægt sé að stjórnin fái ráðrúm til að horfa langt fram í tímann.

„Ég trúi því að Icelandair muni koma vel undan vetri en þó sérstaklega ef það er sterk stjórn sem leiðir félagið áfram og fær þann tíma sem hún þarf til að gera það," segir Guðmundur.

Á aðalfundi Icelandair Group, sem verður haldinn 12. mars, verður kosið til stjórnar. Tilnefningarnefnd félagsins hefur nú þegar birt ýtarlega skýrslu þar sem lagt er til að stjórnin, sem er skipuð Úlfari Steindórssyni, Guðmundi Hafsteinssyni, Svöfu Grönfeldt, Ninu Jonsson og John F. Thomas, haldist óbreytt.

Eftir samráð við hluthafa, stjórn og helstu stjórnendur Icelandair Group setti nefndin fram viðmið um þá eiginleika sem voru taldir eftirsóknarverðir við val á einstökum stjórnarmönnum og skipan stjórnar í heild. Helstu viðmiðin voru reynsla af alþjóðlegum flugrekstri, leiðakerfum, flugflotastjórnun, söluleiðum, innleiðingu stefnu og stafrænni þróun.

Steinn Logi Björnsson, fyrrverandi forstjóri Bláfugls, er á meðal frambjóðenda til stjórnar. Steinn Logi, sem starfaði í um 20 ár hjá Icelandair Group, sagði í viðtali við VíðskiptaMoggann í síðustu viku að hann teldi sig mæta skilyrðunum sem tilnefningarnefndin tiltók betur en frambjóðendurnir sem nefndin tilnefndi.

Þá benti hann á að stjórnin hefði verið valin þegar hluthafar voru þrjú þúsund en ekki 14 þúsund. „Því er furðulegt að sjá ekki tilefni til neinna breytinga á stjórninni," bætti hann við.



Tilnefningarnefnd Icelandair Group lagði til að stjórn félagsins yrði óbreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Annar frambjóðandi til stjórnar Icelandair Group er Þórunn Reynisdóttir, forstjóri Ferðaskrifstofu Íslands, sem er í eigu Pálma Haraldssonar. Pálmi er einn stærsti einkafjárfestirinn í íslenska flugfélaginu með að minnsta kosti 2 prósent í gegnum félagið Sólvelli en einnig á hann hlut í gegnum Ferðaskrifstofu Íslands. Ljóst er að Pálmi vill sjá breytingar á stjórn Icelandair á aðalfundinum.

Aðrir stórir einkafjárfestar í Icelandair Group, hjónin Bogi Þór Siguroddsson og Linda Björk Ólafsdóttir, sem eiga um 2,3 prósenta hlut í gegnum félagið Bóksal, styðja hins vegar óbreytta stjórn undir áframhaldandi formennsku Úlfars Steindórssonar.

> **Fjölgun hluthafa, sem er jákvæð í alla staði, þýðir ekki að samsetning og hæfni stjórnar eigi síður við, við þær krefjandi aðstæður sem félagið er í.**
>
> 
>
> Guðmundur Hafsteinsson, stjórnarmaður Icelandair Group

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Steinn Logi og Þórunn leitað til stærstu hluthafa Icelandair, einkum lífeyrissjóða, til þess að afla stuðnings fyrir margfeldiskosningu. Til að knýja fram margfeldiskosningu, sem myndi auka líkur á kjöri þeirra töluvert, þurfa Steinn Logi og Þórunn stuðning hluthafa sem samanlagt ráða yfir minnst 10 prósenta hlut.

Guðmundur, sem hefur setið í stjórn Icelandair Group í þrjú ár, bendir á að núverandi stjórn sé að hluta til skipuð af fólki með víðtæka alþjóðlega reynslu af flugrekstri. Hann nefnir sérstaklega John F. Thomas og Ninu Jonsson en þau komu ný inn í stjórnina á síðasta ári.

„Þau hafa reynst félaginu ómetanlega og eru rétt að byrja. Það er sjaldgæft að íslenskt fyrirtæki hafi aðgang að jafn víðtækri og alþjóðlegri reynslu eins og er í núverandi stjórn," segir Guðmundur.

Einnig segir hann mikilvægt að stjórnarmenn hafi ólíkan bakgrunn og mismunandi sérfræðikunnáttu þannig að stjórnin sé fær um að takast á við krefjandi aðstæður. Þá nefnir Guðmundur að núverandi stjórn í þessari mynd hafi einungis starfað saman í eitt ár.

„Stjórnin kom fyrst saman um það leyti sem COVID var að byrja og hefur náð að leiða félagið farsællega í gegnum fordæmalausa tíma. Í þessu samhengi má nefna að flest sambærileg flugfélög í Evrópu hafa fengið mun meiri aðstoð frá stjórnvöldum en Icelandair," segir Guðmundur.

Viðskiptablaðið hafði nýlega eftir John Thomas að honum þætti „örlítið sérstakt" að vera aðeins kjörinn til eins árs í senn. Hann benti á að í flestum stjórnum erlendis væri skipunin til að lágmarki fimm ára í senn enda væri hlutverk stjórnarmanna að horfa á stóru myndina og móta framtíðarsýn.

Guðmundur tekur í sama streng. „Mörg krefjandi verkefni eru fram undan sem er búið er að undirbúa vel og mikilvægt að haldið sé vel utan um á næstu mánuðum og árum. Það er alls ekki best fyrir félagið að skipta út fólki á þessum tímapunkti. Stjórnin þarf ráðrúm til þess að horfa langt fram í tímann."

Hluthafahópur Icelandair tók miklum breytingum eftir hlutafjárútboð félagsins í september. Á sama tíma og hluthöfum fjölgaði úr þremur þúsundum í 14 þúsund minnkaði samanlagður eignarhlutur lífeyrissjóða úr 53 prósentum niður í liðlega 25 prósent.

Spurður hvort svo mikil breyting á hluthafahópnum sé tilefni til þess að gera breytingar á stjórninni segir Guðmundur svo ekki vera. „Það er ekki samasemmerki þarna á milli. Fjölgun hluthafa, sem er jákvæð í alla staði, þýðir ekki að samsetning og hæfni stjórnar eigi síður við, við þær krefjandi aðstæður sem félagið er í," segir Guðmundur.

thorsteinn@frettabladid.is

Allsherjaratkvæðagreiðsla VR

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs formanns og stjórnar VR, skv. 20. gr. laga félagsins, **hefst kl. 09.00 mánudaginn 8. mars nk. og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 12. mars 2021.**

Atkvæðagreiðslan er rafræn, þú finnur slóð á hana á vr.is. Valið er milli tveggja frambjóðenda til formanns VR og 11 frambjóðenda til stjórnar VR. Merkja skal við mest sjö frambjóðendur í stjórnarkosningum. Ef þú hefur ekki Íslykil eða rafræn skilríki sækir þú um á island.is.

Kjörstjórn VR | 4. mars 2021

Hvernig kýst þú formann og stjórn VR

1 Smelltu á „Kosningar í VR 2021" á vr.is
2 Skráðu þig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum
3 Atkvæðaseðill opnast með upplýsingum um hvernig þú átt að kjósa

Frambjóðendur til formanns, í stafrófsröð
Helga Guðrún Jónasdóttir
Ragnar Þór Ingólfsson

Frambjóðendur til stjórnar, í stafrófsröð
Arnþór Sigurðsson
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfsdóttir
Jón Steinar Brynjarsson
Jónas Yngvi Ásgrímsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Hallgrímsdóttir
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Þórir Hilmarsson

VR • Kringlunni 7 • 103 Reykjavík • Sími 510 1700 • vr@vr.is • vr.is



Aðalfundur Arion banka verður haldinn um miðjan mars.

Fækkar um tvo í stjórn

Stjórn Arion banka hefur ákveðið að kosningu stjórnar bankans verði þannig háttað að aðalstjórn verði skipuð fimm einstaklingum og varastjórn tveimur. Þannig fækkar um tvo í stjórn bankans, en frá fjármálahruninu hafa stóru viðskiptabankarnir verið með sjö stjórnarmenn hver.

> **Frá fjármálahruninu hafa stóru viðskiptabankarnir verið með sjö stjórnarmenn hver.**

Þetta kemur fram í endanlegum tillögum fyrir aðalfund Arion banka sem verður haldinn um miðjan mars. Er ákvörðunin sögð byggja á tillögu tilnefningarnefndar bankans.

Stjórn Arion banka skipa Brynjólfur Bjarnason formaður, Herdís Dröfn Fjeldsted, Gunnar Sturluson, Liv Fiksdahl, Paul Horner, Renier Lemmens og Steinunn Kristín Þórðardóttir.

Herdís Dröfn hefur hins vegar ekki tekið þátt í störfum stjórnarinnar frá því að hún tók við sem forstjóri Valitor, dótturfélags Arion banka, í nóvember. Því er ljóst að hún og annar sitjandi stjórnarmaður munu víkja úr stjórn bankans á aðalfundinum.

Þá leggur stjórn bankans einnig til við aðalfund, að stjórn verði veitt heimild til breytinga á áður gerðri kaupréttaráætlun þannig að félaginu verði heimilað að gera kaupréttarsamninga við fastráðna starfsmenn félagsins um kaup á hlutum í bankanum fyrir allt að 1,5 milljónir króna á ári, í stað núverandi 600 þúsunda króna árlegs hámarks. – **þfh**

Myllu Lágkolvetnabrauð
LÍFSKORN
Lífskorn færir þér máltíð af akrinum

Nýjung!
Hátt í próteinum
Lágt í kolvetnum



+ mjög hátt í próteinum
inniheldur ekkert SOJA

Kauptu nýtt Lífskorn lágkolvetna í dag

Aðeins 2,8g kolvetni í hverri brauðsneið

Nýja lágkolvetna Lífskornið er þróað fyrir þig sem vilt „þinn dagskammt" af góðu brauði. Leitaðu eftir Lífskorni lágkolvetna með appelsínugula litnum. Hver pakkning er 145 g og 4 sneiðar. Í 100 g eru 7,6 g af kolvetni eða aðeins 2,8 g kolvetni í hverri brauðsneið, 26 g prótein, ekkert soja. Gott fyrir dagskammtinn!

Nýjung í Lífskorni
Aðeins 2,8 g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lágkolvetnabrauð - gott fyrir dagskammtinn alla daga!

Mikilvægt er að lítið samfélag okkar Íslendinga geti treyst á sjálfstæða innlenda framleiðslu. Myllan er ferskvöruframleiðandi sem skilur að samfélagið þrífst best á fjölbreyttri matarmenningu. Stöðug vöruþróun Myllunnar skilar okkur íslensku úrvali af ferskvörum í besta gæðaflokki. Skoðaðu hvaðan maturinn kemur - leitaðu eftir Myllu-merkinu! Myllan, þaðan sem nýtt kemur.

Veldu íslenskt

Kauptu nýjasta brauðið frá Myllunni í dag
Aðeins 2,8 g kolvetni í hverri brauðsneið!
Lífskorn lágkolvetna gott fyrir dagskammtinn alla daga!



Lífskorna fjölskyldan er óðum að stækka, finndu þitt uppáhalds Lífskorn.
Skoðaðu: myllan.is

MYLLAN
Alltaf nýbakað síðan 1959

> nánar á myllan.is



Grænleitt gígvatnið efst á Búrfelli er einkar fallegt. Hér er horft í norður en þegar myndin var tekin var nykurinn í felum. MYNDIR/ÓMB

Fjallasund með vatnanykri


Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Búrfell í Grímsnesi er 534 metra hátt móbergsfjall sem sést víða af Suðurlandi. Hér á landi eru hátt í 40 Búrfell en útlit þeirra minnir óneitanlega á forn matarbúr og jafnvel búrhvali. Búrfell í Grímsnesi er eitt af þeim þekktari, enda reisulegt og í nágrenni þess eru einhverjar stærstu sumarbústaðabyggðir landsins; í Grímsnesi, Þrastaskógi og við Álftavatn. Búrfell er myndað við gos undir jökli en efst á því er dæld með gígvatni og er gígurinn talinn hafa myndast í þeytigosi. Þjóðsagan segir að í þessu fallega vatni búi nykur en þeir eru þekktar þjóðsagnaskepnur hérlendis sem og í fleiri norrænum löndum. Nykur minnir helst á gráan hest nema hvað hófarnir snúa aftur og hófskeggin fram. Þeir halda aðallega til í stöðuvötnum og ám en ganga á land og reyna þar að tæla menn á bak sér. Þetta gerist sérstaklega ef þeir heyra nafns sín getið og steypa sér þá með knapann í vatnið og drekkja honum. Nykurinn á Búrfelli er einstakur því hann getur ferðast í gegnum göng að tjörninni í Kerinu, sem einnig er að finna í Grímsnesi.

Ganga á Búrfell er ágætis skemmtun og hentar jafnt ungum sem öldnum. Lagt er af stað frá bænum Búrfelli sunnan undir fjallinu, en þangað er klukkustundar akstur úr Reykjavík. Frá bílastæðinu er gengið eftir göngustíg norður upp á brún fjallsins. Þar tekur við sléttari kafli og síðan blasir fallegt gígvatnið við. Gaman er að ganga í kringum það og jafnvel fá sér sundsprett ef heitt er í veðri. Útsýni er frábært, meðal annars yfir Þingvallavatn og Laugarvatn, en einnig sést í Ingólfsfjall, Botnssúlur, Skjaldbreið, Heklu, Tindfjöll og Eyjafjallajökul. Oftast er gengin sama leið niður en fleiri gönguleiðir eru þó í boði. Gangan er 6 km fram og til baka og tekur í kringum þrjá tíma. Á leiðinni heim er tilvalið að koma við í Kerinu sem er 270 m langur og 170 metra breiður gígur með 7-14 metra djúpri fagurlega litaðri tjörn. Við Kerið, líkt og efst á Búrfelli, er best að láta nykurinn eiga sig og alls ekki kalla nafn hans. Annars er hætt við óvæntum leiðarlokum.



Fókus á hjarta landsins




Búrfell í Grímsnesi er eitt af fjölmörgum Búrfellum á landinu og er umkringt sumarbústöðum.



Það er gaman að ganga í kringum gígvatnið á Búrfelli og í heitu veðri er tilvalið að skella sér í sund – með nykrinum.

HEIMADUND

LITUM • TEIKNUM • PRJÓNUM
ELDUM • LEIKUM • LÆRUM



Lopapeysuprjón
Verð: 3.499.-



Íslenskir vettlingar
Verð: 5.999.-



Inniræktun matjurta
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð: 4.999.-




Anatolia
Verð: 6.299.-




Soupologie - 5 a day soups
Verð: 4.599.-




Vegan - Japan Easy
Verð: 6.999.-




Arzak + Arzak
Verð: 7.599.-




Litabók - Fragile World
Verð: 3.299.-



Litabók - Worlds Within Worlds
Verð: 3.299.-




Litabók - Botanicum
Verð: 3.199.-



Skrifum og þurrkum út - Völundarhús
TILBOÐSVERÐ: 1.599.-
Verð: 1.999.-

Íslenska litabókin
TILBOÐSVERÐ: 999.-
Verð: 3.699.-



Read This If You Want To Be Great At Drawing People
Verð: 3.799.-



365 Days of Art in Nature
Verð: 3.899.-



Trélitir extra mjúkir
Verð: 5.729.-



Trélitir Artist
Verð: 5.729.-



Trélitir Studio
Verð: 5.729.-



Trélitir vatnsleysanlegir
Verð: 5.729.-



Trélitir pastel
Verð: 5.729.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 8. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Aldrei! Aldrei!



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Vitanlega er ekki hægt að ætlast til að einstaklingar sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri í pólitískri umræðu séu umvafðir stóískri ró. Það hlýtur samt að vera hægt að gera þá kröfu til þeirra að þeir láti pólitískt ofstæki ekki ræna sig allri dómgreind. Ef þeir eru þannig gerðir að þeir eru æstir flestum stundum þá ættu þeir sjálfra sín vegna að leita eftir ráðgjöf hjá einstaklingum sem aðhyllast heilbrigða skynsemi og yfirvegun.

Á Útvarpi Sögu, og kannski víðar, hefur undanfarið hljómað enn ein auglýsingin frá aðgerðahópnum Björgum miðbænum og Bolla Kristinssyni, þar sem reynt er að sannfæra hlustendur um að borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson, hviki hvergi í því hrollvekjandi markmiði sínu að eyðileggja Reykjavík.

Ekki er útskýrt hvaða leiðir Dagur á að hafa valið sér í hinu ófluga skemmdarstarfi sínu gegn borgarbúum. Vitað er að hann er hlynntur göngugötum í miðbænum og borgarlínu, sem hefur nægt til að kalla yfir hann fordæmingu frá pólitískum andstæðingum. Þessi skoðun hans er þó í takt við vilja stórs hluta borgarbúa. Borgarstjórinn er einnig hlynntur því að fólk gangi, hjóli eða nýti almenningssamgöngur í stað þess að fara allra sinna ferða á einkabílnum. Sú skoðun getur varla verið hættuleg, hún hljómar reyndar ansi skynsamlega. Göngugötur skapa sjarmerandi miðbæ og góðar almenningssamgöngur eru kostur við hverja borg. Meirihluti borgarbúa er líklegur til að vera sammála því. Allavega er ekkert sem bendir til að borgarbúar telji brýna þörf á því að bjarga borg sinni úr klóm borgarstjórans Dags B. Eggertssonar, sem samkvæmt áðurnefndri auglýsingu á að vera gangandi eyðileggingarmaskína.

Auglýsing þessi er greinilegt innlegg í kosningabaráttu fyrir þingkosningar í haust enda segir þar: „Nú ætlar Samfylkingin sér stóra hluti í næstu alþingiskosningum. Er ekki nóg að horfa upp á Dag B og co eyðileggja Reykjavík? Ekki láta þau eyðileggja allt Ísland. Við kjósum ekki xS. Aldrei! Aldrei!“

Allnokkrar líkur eru á að Samfylkingin verði í næstu ríkisstjórn. Svo sannarlega þurfa ekki allir að fagna þeim möguleika, sumum kann jafnvel að þykja tilhugsunin hrollvekjandi. Það hlýtur þó að vera hægt að koma efasemdum sínum eða ógleði vegna þess til skila á hófsamari hátt en gert er í furðulega ofstækisfullri auglýsingu þar sem borgarstjórinn er settur í hlutverk tortímanda.

Heimur stjórnmálanna er grimmur og stjórnmálamenn verða að þola gagnrýni. En þegar spjótum er beint að þeim á þann hátt sem gert er í þessari auglýsingu þá er ekki hægt að láta eins og það sé bara hluti af leiknum. Heift eins og þarna birtist er ekki eðlileg. Henni þarf að sjálfsögðu að andmæla.

> Allavega er ekkert sem bendir til að borgarbúar telji brýna þörf á því að bjarga borg sinni úr klóm borgarstjórans, Dags B. Eggertssonar.



Halldór



Frá degi til dags

Skjálftastjörnur

Myndlistarmaðurinn Jón Óskar er glöggur mannlífsrýnir og ofurnæmur á fínustu pensilstrokur tilverunnar og fær ekki betur séð en að Kristín Jónsdóttir, náttúruvársérfræðingur á Veðurstofunni, sé að stela skjálftasenunni með slíkum tilþrifum að fara hljóti um eldri jarðfræðistjörnur. „Kristín Jónsdóttir er aldeilis ein smört sem kann að stela senunni. Ég tek eftir því að það er kominn órói í eldri stjörnur, Magnús Tuma og Ragnar skjálfta, sem vilja líka athygli,“ skrifar Jón Óskar á Facebook og bætir við að það gæti reynst erfitt þar sem Kristín er „ans“ elding.

Laun heimsins

Tónninn í Birni Inga á Viljanum var þyngri á Facebook eftir að hann frétti í fjölmiðlum að sýslumaður hefði farið fram á gjaldþrotaskipti Viljans vegna 50.000 króna lífeyrisskuldar sem hann segist margoft búinn að útskýra að sé á misskilningi byggð. Hann segist tæplega trúa að svo mjög liggi á að þagga niður í honum. Eðlilega þar sem hann hefur stigið fram sem einhvers konar talsmaður almennings í veirumálum og flest sem frá honum hefur komið í ræðu og riti að mestu hverfst um almannaheill en hann fær nú enn og aftur að kenna á því að laun heimsins eru fyrst og fremst vanþakklæti.

toti@frettabladid.is

Eitraður kokteill



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður Viðreisnar

Árið 2020 voru haldnir ófáir blaðamannafundir þar sem ríkisstjórnin trommaði upp aðgerðapakka. Opinber fjárfesting dróst hins vegar saman árið 2020 um 9,3% samkvæmt Hagsjá Landsbanka Íslands. Sú mynd sem blasir við er grafalvarleg. Hundruði milljarða átti að verja í innviði til að koma til móts við þungt högg sem íslenska þjóðin stóð frammi fyrir vegna COVID-19 og sóttvarnaaðgerða. Það studdi Viðreisn. Ríkisstjórnin lofaði auknum útgjöldum, sérstaklega til fjárfestinga í innviðum. Það gerði hún í fjárlögum og fjáraukalögum. Þetta virðist ekki hafa skilað sér út í raunheima. Niðurstaðan er samdráttur.

Viðreisn sagði strax í mars í fyrra að nú væri tími stórra skrefa . Nauðsynlegt væri að fara í stórauknar fjárfestingar í innviðum. Við settum fram ýmsar tillögur til að flýta framkvæmdum eða um ný verkefni. Þær voru allar felldar.

Það skiptir gríðarlega miklu máli hvenær farið er í slíkar aðgerðir. Tíminn fyrir fjárfestingar var árið 2019 og 2020. Tímasetning margboðaðra opinberra fjárfestinga skiptir máli. Ef þær fara af stað á fullum þunga á sama tíma og almenn atvinnuvegafjárfesting tekur við sér, getum við verið að horfa upp á alvarleg, jafnvel kunnugleg hagstjórnarmistök. Og þau verða skrifuð á ríkisstjórnina. Þessi eitraði kokteill gæti leitt til þess að kreppan verði bæði dýpri og þenslan meiri. Niðurstaðan er alltaf sú sama - verðbólga sem heimilin og fyrirtækin í landinu greiða fyrir. Það var væntanlega ekki það sem vakti fyrir ríkisstjórninni en er nú að raungerast.

Ríkisstjórn sem mynduð var um kyrrstöðu hleypur ekki hratt. Ríkisstjórnin hefur enn og aftur sýnt það í verki að hún veldur ekki hlutverki sínu þegar það kemur að hagstjórn landsins. Ríkisstjórnir þurfa að geta fylgt málum sínum úr hlaði. Kosningabaráttan 2016 og 2017 snerist um innviðafjárfestingar og uppsafnaða þörf. Í ljósi þess hefði mátt ætla að ríkisstjórnin yrði tilbúin með plan þegar á reyndi. Reyndin er hins vegar sú þegar kemur að innviðafjárfestingu að það eru fáar ríkisstjórnir sem hafa talað jafn mikið og gert jafn lítið.

> Ríkisstjórn sem mynduð var um kyrrstöðu hleypur ekki hratt.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Viglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

AF KÖGUNARHÓLI

Uppskrift að áratug óstöðugleika



Þorsteinn Pálsson

Stefnubreyting ríkisstjórnarinnar í lánamálum getur valdið flekamisgengi í þjóðarbúskapnum. Þegar ríkissjóður hættir við að taka innlend lán til að fjármagna hallann breytir það stöðu hans gagnvart atvinnulífinu.

Í veigamiklum atriðum ræðst samkeppnisstaða útflutningsgreina eins og ferðaþjónustu af verðgildi krónunnar og stöðugleika hennar. Stefnubreytingin leiðir til þess að hagsmunir ríkissjóðs og útflutningsatvinnuveganna fara ekki lengur saman að þessu leyti.

Gagnstæðar flekahreyfingar

Þegar sóttvarnir leyfa ferðaþjónustunni að fara af stað á nýjan leik streyma erlend lán inn í ríkissjóð og halda uppi eða hækka gengi krónunnar. Einmitt á þeim tíma þarf ferðaþjónustan mest á samkeppnishæfu gengi að halda.

Fleki ríkissjóðs færist með öðrum orðum í gagnstæða átt við fleka útflutningsatvinnuveganna. Það veldur óróa og skjálftavirkni.

Þegar skuldir ríkisins eru í erlendri mynt vilja stjórnmálamennirnir halda uppi genginu því að lækki það hækka skuldirnar. Þá verður óhjákvæmilegt að grípa til skattahækkana eða niðurskurðar. Að því kemur, en fram að því borga útflutningsgreinarnar brúsann.

Endurtekning

Fyrir hrun hækkaði gengi krónunnar stöðugt því að bankarnir dældu ótæpilega inn erlendu lánsfé. Sú blaðra sprakk á endanum. Þó að erlendar lántökur ríkissjóðs nú séu alls ekki af sömu stærðargráðu, og afgangur sé af utanríkisviðskiptum, eru þær sama eðlis og hafa sams konar áhrif.

Þegar að því kemur að loftið fer úr blöðrunni mun það bæta samkeppnisstöðu ferðaþjónustunnar. En fram til þess tíma mun falskt gengi virka eins og sérstök skattheimta á þessa atvinnugrein, sem á að leiða viðreisnina.

Fyrst í stað munu erlendu lántökurnar hins vegar virka eins og skattalækkun fyrir launafólk vegna gengisáhrifa þeirra. Samt segir ríkisstjórnin of há laun vera helsta vanda atvinnulífsins nú.

Þegar kemur að afborgunum á seinni hluta næsta kjörtímabils fær launafólk þetta svo í höfuðið með tvöföldum þunga. Þær virka öfugt á gengið: það veikist og skuldirnar hækka. Þá þarf að hækka skatta. Og til viðbótar munu kjörin rýrna vegna lækkunar á gengi krónunnar.

Vítahringur

Hér er verið að búa til vítahring innri spennu í þjóðfélaginu. Útilokað er að hagsmunir ríkissjóðs og ferðaþjónustunnar falli saman á sama tíma. Og eins munu hagsmunir launafólks og útflutningsgreina skarast í tíma.

Þegar launafólk græðir á krónunni tapa útflutningsgreinarnar. Þegar að því kemur að útflutningsgreinarnar fá ávinning af krónunni tapa launþegar. Í þessum vítahring næst aldrei sátt á vinnumarkaði um ábyrga launaþróun og uppbyggilega efnahags- og atvinnustefnu.

Fyrstu viðbrögð ríkisstjórnarinnar eftir að kreppan skall á lofuðu góðu. Þá ætlaði hún að byggja á því fyrirheiti Seðlabankans að prenta þá peninga, sem ríkissjóður þyrfti til að geta tekið innlend lán á lágum vöxtum og án gengisáhættu.

Stöðugleikinn gleymdist

Þegar á reyndi komst Seðlabankinn að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir gjaldeyrisvarasjóðinn væri ekki unnt að nota krónuna í þessum tilgangi. Möguleikinn á seðlaprentun við neyðaraðstæður hefur þó verið helsta röksemdin fyrir því að reka sjálfstæðan gjaldmiðil.

> **Fyrir atvinnulífið og launafólkið verða afleiðingarnar verri og þyngri. Ferðaþjónustan finnur þetta fljótt en launafólk fyrst þegar frá líður. Hyggilegra hefði verið að horfast í augu við rót vandans strax.**

Þau rök fuku út um gluggann á einni nóttu. Rökrétt viðbrögð hefðu verið að taka gjaldmiðilsmálin til endurskoðunar. Ríkisstjórnin kaus hins vegar að kúvenda lánapólitíkinni og hefja lántökur í evrum í stórum stíl án þess að tryggja stöðugleika krónunnar til frambúðar.

Þetta leiðir til spennu milli þeirra lykilaðila í hagkerfinu, sem taka stærstu efnahagslegu ákvarðanirnar.

Svigrúm Íslands til að fjármagna nauðsynlegar kreppuráðstafanir, án þess að grípa til skattahækkana eða niðurskurðar, ræðst af því hvort vextir verði til muna lægri en hagvöxtur og gengisáhætta.

Betra að taka strax á rót vandans

Frá sjónarhóli þeirra sem fara með völdin hefur þessi nýja staða þann kost að áhrifin koma ólíklega fram í bókhaldi ríkisins fyrr en eftir kosningar. Jafnvel ekki fyrr en líður á næsta kjörtímabil.

Fyrir atvinnulífið og launafólkið verða afleiðingarnar verri og þyngri. Ferðaþjónustan finnur þetta fljótt en launafólk fyrst þegar frá líður. Hyggilegra hefði verið að horfast í augu við rót vandans strax.

Óbreytt stefna er uppskrift að áratug óstöðugleika.



Kynt undir þenslu og ójöfnuði



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar



Kristrún Frostadóttir
þingframbjóðandi Samfylkingarinnar

Stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir er hvernig samfélag við viljum að rísi upp úr kórónukreppunni. Alþjóðlegar rannsóknir á viðhorfum fólks til aðgerða sem gripið var til vegna veirunnar benda til þess að áhyggjur af vaxandi ójöfnuði hafi aukist, sérstaklega meðal ungu kynslóðarinnar. Þá virðist frjálslyndi, samábyrgð og félagslegar áherslur ofar í hugum fólks en áður. Merki um aukinn ójöfnuð vegna COVID eru nú þegar sýnileg hérlendis. Ómarkviss dreifing fjármagns hefur ýtt undir slíka þróun. Þjóðarkakan minnkar – mörg þeirra sem halda vinnunni eru í sterkari stöðu en áður en aðstæður hinna hafa versnað. Stjórnvöld tala um ábyrga hagstjórn og dýrar aðgerðir en minna um hitt: hvernig almennar aðgerðir hafa dregið úr áhrifamætti peninganna og kynt undir ójöfnuði. Þetta er ekki þróun sem almenningur vill sjá.

Halli ríkissjóðs var 260 milljarðar í fyrra og svipuð afkoma er áætluð í ár. Rúmlega helmingur hallans í fyrra er vegna tekjusamdráttar en hitt er vegna aukinna útgjalda, þar af er rúmlega helmingur vegna atvinnuleysisbóta. Meirihluti hallans stafar þannig af svokölluðum sjálfvirkum sveiflujöfnurum, innbyggðum þáttum í tekju- og útgjaldaliðum hins opinbera. Aðeins um 25% af halla síðasta árs má því rekja til beinna ákvarðana stjórnvalda. Ofan á þá hátt í 200 milljarða sem sjálfkrafa leggjast á ríkissjóð flæðir nú önnur eins tala af nýju fjármagni í hagkerfinu. Fjármagn sem ríkisstjórnin telur sig enga ábyrgð bera á vegna þess að það má rekja til aðgerða á peningamálahliðinni sem Seðlabankinn heldur utan um. Þar var losað um hömlur í fjármálakerfinu sem leiddi af sér aukningu á nýjum peningum í umferð í gegnum miklar lánveitingar, einkum til fasteignakaupa.

Þó að Seðlabankinn sé sjálfstæður þá bregst hann við aðgerðum og aðgerðaleysi á ríkisfjármálahliðinni. Undanfarin ár hefur átt sér stað vitundarvakning víða um heim um ókosti þess að treysta um of á peningamálastefnuna til að styðja við hagkerfi í alvarlegri krísu. Hefur það alla jafna verið afleiðing af tregðu pólitískt kjörinna aðila til að beina fjármagni til þeirra sem raunverulega þurfa á slíku að halda. Ábyrgðinni er útvistað til embættismanna meðan kjörnir fulltrúar firra sig ábyrgð. Lærdómurinn af síðustu kreppu erlendis var að ómarkviss dreifing fjármagns þrýstir fyrst og fremst upp eignaverði. Fjármunirnir leituðu mun síður til þeirra sem í áfallinu lentu, lítið fór fyrir þeim í innviðafjárfestingu og afleiðingin var aukinn ójöfnuður.

> **Þótt ríkisstjórnin tali mikið um stóraukna opinbera fjárfestingu hefur lítið af henni komið til framkvæmda.**

Þá var um almennt áfall að ræða. Núverandi kreppa er mun sértækari, hún skekur aðeins afmarkaðan hóp. Allt frá því að kórónukreppan hófst var ljóst að tregða ríkisstjórnarinnar til að beita ríkisfjármálum með markvissum hætti hefði neikvæðar afleiðingar. Á þetta bentu hagfræðingar og stjórnarandstöðuþingmenn en ríkisstjórnin skellti skollaeyrum við. Það var rammpólitísk ákvörðun að bíða of lengi með sértækar aðgerðir og kalla þannig fram öflugri aðgerðir Seðlabankans en ella. Aðgerðir sem voru mjög almennar og þrýstu lánastofnunum í mikla útlánaaukningu til eina málaflokksins sem treystandi var, húsnæðis. Annað umfram fjármagn leitaði á verðbréfamarkað. Á meðan ráðamenn ræddu um hættur þess að hækka atvinnuleysisbætur í fordæmalausu atvinnuáfalli og streittust gegn því að beina fjármagni í auknum mæli til lítilla fyrirtækja til að koma í veg fyrir hrinu uppsagna flæddi fjármagn inn á fasteigna- og verðbréfamarkaðinn, kynti undir almennri eftirspurn og ýtti upp eignaverði.

Engin umræða hefur átt sér stað um þá hvata sem þessi óbeina aðgerð ríkisstjórnarinnar hefur haft; enginn stjórnmálamaður hefur þurft að svara fyrir þá miklu auðssöfnun sem hefur átt sér stað á undanförnum mánuðum í formi verulegrar verðhækkunar á verðbréfum og hækkunar húsnæðisverðs. Þau sem tæma sjóði sína til að mæta atvinnumissi – eða lenda í rekstrarvandræðum með lítil fyrirtæki hafa enga möguleika til að taka þátt í þessari uppsveiflu.

Samkvæmt opinberum tölum dróst opinber fjárfesting saman um 9,3% í fyrra – hagstjórnin er nú ekki ábyrgari en svo. Ábyrg hagstjórn, sem vinnur á móti áföllum en ekki með, snýst um að leita allra leiða til að örva fjárfestingu og vinnuframlag ekki aðeins kaupgetu. Þótt ríkisstjórnin tali mikið um stóraukna opinbera fjárfestingu hefur lítið af henni komið til framkvæmda. Ráðamenn leyfa sér svo að skrifa blaðagreinar þar sem þeir tala niður mikilvæga viðleitni Reykjavíkurborgar við að ýta undir fjárfestingu á tímum sem þessum. Viðbrögð stjórnarliða við áætlunum borgarinnar í fjármálum eru til marks um skilningsleysi á ábyrgri hagstjórn. Fyrst ríkisstjórnin virðist eiga erfitt með að koma verkefnum nógu hratt af stað ætti hún að setja í forgang að styðja við sveitarfélögin sem eru með fjölda samfélagslegra mikilvægra verkefna í startholunum. Í staðinn reynir hún að koma höggi á pólitíska andstæðinga sína í sveitarstjórnum, sem kemur að lokum niður á öllum almenningi.

Á tímum þar sem svigrúm til athafna er takmarkað, í landi með brothættan gjaldmiðil og mikla verðbólgusögu, felst hin raunverulega ábyrga hagstjórn í því að beina peningunum þangað sem þeirra er þörf. Að verja velferð fólks, framleiðslugetu fyrirtækja og skapa ný fjölbreytt atvinnutækifæri. Aðeins þannig getum við tryggt öfluga viðspyrnu, varið jöfnuð og komist stolt út úr þessu ástandi öll saman.

Þegar Geir græjaði löggubílinn



Jónatan Jóhann „Tani“ Stefánsson
fyrrverandi vélstjóri

> **Þætti Geirs í því að fá lögreglubílinn á svæðið hefur ekki alltaf verið haldið nægilega á lofti þegar þessi mál eru rifjuð upp á opinberum vettvangi.**

Sú var tíð að ekki var lögreglubíll í Sandgerði, nokkuð sem fólk ætti erfitt með að ímynda sér í dag. Staðreyndin er hins vegar sú að það var ekki fyrr en árið 1967 að fyrsti löggubíllinn kom á svæðið. Fyrst og fremst er að þakka Geir Gunnarssyni, þáverandi þingmanni Alþýðubandalagsins, fyrir komu bílsins, en hér segir frá því hvernig það bar til.

Löggubílaleysið gat búið til alls kyns vandamál. Í janúar 1961 var Guðjón Klemens læknir til dæmis á leið í vitjun út í Sandgerði og festist í skafli. Ég var þar á ferð á jeppa, ásamt fleirum, og við drógum hann úr skaflinum og fylgdum honum síðan í vitjunina. Við spurðum hann hvers vegna hann fengi ekki lögregluna til að hjálpa sér en Guðjón svaraði því til að þeir mættu ekki biðja lögregluna um aðstoð, enginn væri löggubíllinn. Það var hins vegar ljóst að þörf var á slíkum bíl á svæðið, en hvorki gekk né rak að ganga frá því.

Það leið hins vegar og beið og enginn kom bíllinn. Nokkrum árum síðar lenti einn hásetinn á Steinunni gömlu í því að veikjast þegar komið var með bátinn að bryggju. Þeir reyndu að kalla eftir bíl, en einn á bryggjunni sagði þá að það væri enginn bíll laus því allir væru í útskipun. Annar í löndunargenginu sagði þá að rútan færi kl. 17, en það fór svo að Ari í Klöpp skutlaði honum til læknis. Þörfin fyrir bíl sem nýttist íbúum svæðisins var mikil.

Brugðið var á það ráð að senda sjálfstæðismanninn Jón Júll í dómsmálaráðuneytið til að kanna hvort ekki fengist heimild til að kaupa lögreglubíl á svæðið. Hann fékk nú ekki mjög góðar viðtökur, við hann var sagt að hann gæti fengið leyfi til að kaupa hjól fyrir lögregluna. Alfred sveitarstjóri, sem var með í för, brást ókvæða við. „Eigum við hafa bögglabera líka á hjólinu?“ sagði hann og rauk út. Nú voru góð ráð dýr og daginn eftir sagði Jón Júll að eina leiðin væri að tala við Alþýðubandalagsmanninn í Hafnarfirði; Geir Gunnarsson. Ég var þarna með og sagði það vera lítið mál, síminn hjá honum væri 5004, það mundi ég vel. Þeir töluðu við Geir sem tók þeim vel.

Skömmu síðar fóru þeir niður í Alþingi til að fylgja erindinu eftir. Geir hitti þá þar, en þurfti að fara í símann, sagði þeim að fara inn til ráðherrans því hann væri búinn að tala við hann. Þegar þeir báru upp erindið við ráðherrann sagði hann: „Þið hefðuð ekkert þurft að mæta, Geir er búinn að segja mér að það eigi að gera þetta.“ Þetta sagði mér sjálfstæðismaður á sínum tíma.

Í kjölfarið var fundinn sendibíll sem gegndi hlutverki lögreglubíls á svæðinu. Eini hentugi bíllinn sem fannst var eldrauður og þegar rætt var um að sprauta hann fannst mörgum liturinn passa vel við rauða ljósið og líka við lit Alþýðubandalagsins, fyrst Geir hafði komið svona vel að málum.

Þætti Geirs í því að fá lögreglubílinn á svæðið hefur ekki alltaf verið haldið nægilega á lofti þegar þessi mál eru rifjuð upp á opinberum vettvangi. Þeir sem mig þekkja vita að ég hef gott minni og því vildi ég rifja þessa merkilegu sögu upp. Rétt skal vera rétt.

Skipulagsvald



Örn Sigurðsson
arkitekt

> **Vald ríkisins er hvorki raunverulegt né lögvarið heldur stafar af ógnarvaldi misvægisins.**

Um 1850 varð Reykjavík almennt viðurkenndur höfuðstaður Íslands. Á næstu öld þéttist og þróaðist bærinn í dæmigerða „evrópska“ smáborg, eina með öllu, svo sem virkum miðbæ, nánd, nærþjónustu og strætó.

Þann 1. janúar 1932 var Vatnsmýrarsvæðið fært til Reykjavíkur úr Seltjarnarneshreppi vegna fyrirsjáanlegs og yfirvofandi skorts á heppilegu byggingarlandi í ört stækkandi höfuðborg.

En 6. júlí 1946 framdi ríkið fjandsamlega yfirtöku svæðisins undir flugvöll til leigufrírra afnota fyrir ríkisstyrkt Flugfélag Akureyrar, síðar Flugfélag Íslands, nú Air Iceland Connect.

Í stað NÝRRAR MIÐBORGAR kom flugvöllur. Reykvíkingar glötuðu þá besta mannvistar- og þróunarsvæði sínu og yfirráðum yfir allri lofthelgi á Nesinu vestan Elliðaáa. Allar forsendur borgarskipulags, byggðarþróunar, borgarsamfélags og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar gjörbreyttust.

Frá stríðslokum hafa kjörnir fulltrúar Reykvíkinga í borgarstjórn og á Alþingi ráðið litlu, sem máli skiptir, um skipulag og framtíðarþróun Reykjavíkur. Skipulagsvald borgarinnar færðist til ríkisins og undir áhrifavald forkólfa Akureyringa og samherja þeirra á landsbyggðinni í krafti mikils atkvæðamisvægis .

Afleiðingar þessa fjandsamlega landráns eru auðvitað ólýsanlegar. Ekki eru til afdrifaríkari breytingar á þróunarforsendum efnilegrar og ört vaxandi smáborgar eins og Reykjavík var í stríðslok en að taka frá henni möguleika á öflugri miðborg og setja í staðinn flugvöll, ígildi tifandi vítisvélar.

Stjórnlaus útþensla borgarinnar (Urban Sprawl) tók við og glænýtt þéttbýli spratt upp úr engu á áður óbyggðu landi umhverfis Reykjavík fyrir aðflutta íbúa af landsbyggðinni, í Mosfellssveit, Garðahreppi og á jörðinni Kópavogi. Á sama tíma óx byggð í Reykjavík með leifturhraða austur eftir Nesinu og yfir Elliðaár.

Öll einkenni „evrópskrar“ smáborgar hurfu eins og dögg fyrir sólu, nándin, nærþjónustan, nothæfur strætó og virkur miðbær, sem hnignaði hratt og koðnaði loks niður. Þéttleiki byggðar hrundi og forsendur nærþjónustu og almannasamgangna brustu.

Til varð núverandi höfuðborgarsvæði (HBS) sem árið 2021 þekur 16.000 ha, á við Manhattan og París samanlagt. Byggðin er útþanin og óskilvirk flatneskja, að minnsta kosti fjórfalt víðáttumeiri en ella hefði orðið án flugvallar í Vatnsmýri. Brúttóþéttleiki byggðarinnar er langt undir neðri mörkum sjálfbærni.

Samgönguráðherra bregður sér í gervi brúðumeistara og ver nú flugvöll í Vatnsmýri í flóknu og vel leikstýrðu samsæri sameinaðra forkólfa ohf. gegn hagsmunum Reykvíkinga og gegn þjóðarhag, forkólfa Akureyringa, forkólfa sveitarstjórna í Kraganum (HaGaKóMo), Alþingis, framkvæmdavalds og auðvitað nytsamra sakleysingja úr röðum kjörinna fulltrúa Reykvíkinga sjálfra bæði á Alþingi og í borgarstjórn.

Enginn er til varnar nema Samtök um betri byggð (BB). En röddi þeirra er kæfð í ærandi þögn í boði stjórnenda umræðunnar. Hverjir stjórna umræðunni? Það eru auðvitað forkólfarnir ohf.


Hvergi er að finna í lögum og reglugerðum stafkrók um að grundvallarréttindi Reykjavíkur til sjálfstjórnar í skipulagsmálum séu minni eða öðru vísi en annarra sveitarfélaga. Hvað skýrir þá ótrúlegan undirlægjuhátt kjörinna fulltrúa Reykvíkinga gagnvart landsbyggðarsjónarmiðum og ríkisvaldi?

Athyglin beinist að misvægi atkvæða. Skipulagsréttur Reykvíkinga hvarf ekki á formlegan og rekjanlegan hátt. Ógæfa borgarbúa er nefnilega fólgin í þessari undirgefni þingmanna og borgarfulltrúa reykvíska stjórnmálaafla með landsbyggðartengingu. Árið 2021 eru allir kjörnir fulltrúar Reykvíkinga í borgarstjórn og á Alþingi landsbyggðartengdir í gegnum landsmálaflokkana („fjórflokkinn“) eins og verið hefur frá stríðslokum og lengur ef Besti flokkurinn 2010 er undanskilinn. Störf og stefna hinna kjörnu í málum, sem lúta að fjárveitingum, borgarskipulagi og flugvelli í Vatnsmýri, mótast því af samfélagslegri bjögun af misvægi atkvæða. Hefð myndaðist um undirlægjuháttinn en margir kjörnir fulltrúar segjast sammála stefnu Samtaka um betri byggð (BB) en ...„þetta er bara pólitískt ómögulegt“...!?

Auðsveipni hinna kjörnu er viðhaldið af forkólfum Akureyringa og samherjum þeirra, sem ráða lögum og lofum á landsfundum fjórflokksins og á Alþingi með taumlausri misbeitingu misvægis atkvæða. En ráðherrann og hinir forkólfarnir eru ekki í neinu og hinir kjörnu þurfa ekki að gera annað en að snúa við blaðinu og einbeita sér að hag kjósenda sinna.

Vald ríkisins er hvorki raunverulegt né lögvarið heldur stafar af ógnarvaldi misvægisins. Það sannar stjórnartíð Besta flokksins 2010-2014, sem hafði engin pólitísk landsbyggðartengsl. Hann tók meðal annars upp stefnu Samtaka um betri byggð (BB) í skipulagsmálum.

Arfleifð Besta flokksins er samkomulag um brottför flugvallar úr Vatnsmýri fyrir árslok 2022 og þokkalega gott Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, sem ríkjandi meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur vill nú breyta og laga að Svæðisskipulagi HBS og hugmynd um BORGARLÍNU (BL). til mikils tjóns fyrir Reykvíkinga og aðra landsmenn. Samkvæmt samkomulaginu á flugvöllur að hverfa úr Vatnsmýri innan 670 daga sé miðað við 1. mars 2021.


Brandenburg | sía
SAFNAÐU!
EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN
Taktu þátt og safnaðu áheitum á mottumars.is
Krabbameinsfélagið
MOTTUMARS



Fyrrverandi Akureyringurinn Mateja Zver var á skotskónum í gær.

Zver reyndist Glódísi erfið

FÓTBOLTI Keppni hófst í gær í 16 liða úrslitum Meistaradeildar kvenna í knattspyrnu með fimm leikjum. Þar á meðal var Íslendingaslagur Glódísar Perlu Viggósdóttur í Rosengård og Kristrúnar Rutar Antonsdóttur hjá St. Pölten frá Austurríki.

Lokatölur í leik liðanna í Svíþjóð urðu 2-2 en það var Mateja Zver, fyrrverandi leikmaður Þórs/KA sem skoraði bæði mörk St.Pölten í leiknum. Slóvenski sóknartengiliðurinn kom austurríska liðinu 2-0 yfir en Sanne Troelsgard og Caroline Seger jöfnuðu metin fyrir Rosengård.

Glódís Perla spilaði allan leikinn í hjarta varnarinnar hjá Rosengård en Kristrún Rut kom inn á sem varamaður þegar rúmur stundarfjórðungur var eftir af leiknum.

Í dag mæta Sara Björk Gunnarsdóttir og ríkjandi meistarar í keppninni Lyon, svo Brøndby í Danmörku og Bayern München með Karólínu Leu Vilhjálmsdóttur innanborðs leikur við BIIK Kazygurt. **– hó**

Endurheimta þrjá leikmenn

ENSKI BOLTINN Liverpool fær Chelsea í heimsókn í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu karla á Anfield í kvöld. Leikurinn er afar mikilvægur í baráttunni um sæti í Meistaradeild Evrópu á næsta keppnistímabili. Liverpool fær til baka þrjá leikmenn sem voru ekki með Liverpool um síðustu helgi.

Alisson Becker snýr aftur í mark Liverpool eftir að hafa verið fjarverandi vegna fráfalls föður síns, Fabinho hefur náð sér af meiðslum sem voru að plaga hann og Diogo Jota hefur hrist af sér veikindi sem voru að hrjá hann. **– hó**

Finn bætingar á hverju móti

Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, landsliðskona á skíðum, er ánægð með að vera komin á fulla ferð aftur í brekkunum. Hólmfríður Dóra, sem býr í Svíþjóð, unir hag sínum vel þar og stefnir á Ólympíuleikana.

SKÍÐI Íslensku landsliðskonurnar á skíðum stóðu í ströngu á FIS-mótaröð sem fram fór á Ítalíu síðustu daga. Þær kepptu í svigi og stórsvigi í Abetone. Þar vann Katla Björg Dagbjartsdóttir sitt fyrsta alþjóðlega FIS-mót og frammistaða hennar á mótunum mun að öllum líkindum skila henna bættri stöðu á næsta heimslista.

Um síðustu helgi hafnaði Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir annars vegar í áttunda sæti og hins vegar í fimmta sæti í svigkeppni mótaraðarinnar. Hólmfríður Dóra náði svo besta árangri íslensku keppendanna þegar hún varð í sjötta sæti í stórsvigi. Í lokamótinu í mótaröðinni krækti Hólmfríður Dóra síðan í annað sætið í stórsvigi og fékk fyrir það 68.15 FIS-stig sem er nálægt stöðu hennar á heimslista.

„Ég er heilt yfir mjög sátt við frammistöðu mína á mótunum á Ítalíu. Brekkurnar þar voru frekar flatar sem hentar mér ekki vel þannig að mér finnst ég eiga tölurvert inni. Ég kann betur við mig í brattari brekkum og ég held að ég geti bætt árangur minn enn meira og náð betri úrslitum í komandi mótum. Það verður nóg að gera á næstunni og það má segja að við munum búa í ferðatösku næstu vikurnar. Við erum nýkomnar til Slóveníu þar sem við keppum á FIS-mótum næstu daga," segir Hólmfríður en keppni hefst með stórsvigskeppni í Maribor í dag.

„Hótellífið hér í Maribor er frekar skrautlegt og sem dæmi má nefna að þegar við komum hingað byrjuðum við á því að fara út í búð og kaupa þvottaefni til þess að þvo fötin okkar í baðinu. Það er hins vegar frábært að vera farin að keppa aftur reglulega eftir að hafa ekkert keppt frá mars á síðasta ári til janúar á þessu ári. Keppni hófst í Svíþjóð í janúar og það var geggjað að komast aftur í brekkurnar. Það tók hins vegar tíma að komast aftur í keppnisgírinn. Ég fann það vel þarna að það er tvennt ólíkt að æfa og keppa. Það var smá ryð í fyrstu keppnunum en mér finnst ég hafa verið að bæta mig mót frá móti síðustu vikurnar," segir hún um yfirstandandi keppnisár.

Hólmfríður Dóra hefur búið í Åre í Svíþjóð í tvö og hálft ár en þar æfir hún við kjöraðstæður undir handleiðslu toppþjálfara. Þá hóf hún nám í líftækni í fjarnámi frá Háskólanum á Akureyri í haust og kann hún vel við það. Þetta fyrirkomulag hentar henni vel og hún er ánægð á sænskri grundu.

„Ég æfi í raun bara eins og atvinnumaður í Åre og þar eru aðstæður eins og þær gerast bestar í Evrópu og þjálfararnir frábærir. Ég er því mjög ánægð þar og sé fram á að búa þar áfram næstu árin. Líftæknin er svo mjög heillandi og hentar mér vel að vera í fjarnámi með skíðaiðkuninni. Þannig get ég stýrt álaginu hvað námið varðar og lært þegar mér hentar. Mér finnst ég vera að bæta mig mikið á skíðunum í Åre og mér líður í bænum," segir landsliðskonan.

„Fram undan er núna mikil törn af mótum og æfingum sem er bara mjög skemmtilegt. Eftir mótið í Slóveníu förum við til Austurríkis í æfingabúðir og þaðan svo til Ítalíu þar sem við tökum þátt á ítalska meistaramótinu. Mótahrinan endar svo heima á Íslandi þegar Íslandsmeistaramótið fer fram. Hvað langtímamarkmið hjá mér varðar þá er bara stefnan að halda áfram að bæta mig og klífa upp heimslistann með góðum árangri á FIS-mótum. Svo langar mig að standa mig vel á komandi stórmótum. Stóra gulrótin er svo að koma mér inn á Ólympíuleikana á næsta ári. Það verður hörð barátta um að tryggja mér farseðil þangað en ég er staðráðin í að berjast um sæti þar," segir hún um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**



Hólmfríður Dóra stefnir á að keppa fyrir hönd Íslands á Vetrarólympíuleikunum í Peking á næsta ári. MYND/SKÍ



Hólmfríður Dóra með verðlaunin sem fylgdu því að lenda í öðru sæti í stórsvigi. MYND/SKÍ

> **Ég æfi í raun bara eins og atvinnumaður í Åre og þar eru aðstæður eins og þær gerast bestar í Evrópu.**
>
> Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir

FERMINGARBLAÐ
FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út **þriðjudaginn 9. mars.**

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.



Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími 550 5654
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon
Sími 550 5652
arnarm@frettabladid.is

Jóhann Waage
Sími: 550-5656
johannwaage@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir
Sími 694 4103
ruth@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


FÓLK Tíska
FIMMTUDAGUR 4. MARS 2021



Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur vart undan að taka við pöntunum á femínískum útsaumi. Hún saumar út þekkt slagorð og verkin hafa vakið mikla athygli.

→6





Inga Birna er hér í fötum sem hún hannaði og saumaði sjálf. Þau eru partur af útskriftarverkefni hennar úr LHÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónlist og fatahönnun skarast í Blankiflur

Inga Birna Friðjónsdóttir er fatahönnuður sem nýlega fór að semja tónlist undir nafninu Blankiflur. Lagið Game kom út á dögunum en hún leggur nú lokahönd á sína fyrstu breiðskífu, Hypnopompic, sem kemur út í apríl. →2

Framhald af forsíðu

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Inga Birna segir fatahönnunina tengjast tónlistinni. Að hanna föt og semja tónlist snýst um að mála alla myndina sína að sögn hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Inga Birna er fatahönnuður að mennt og segist alla tíð hafa verið að vinna að einhvers konar list þó að hún hafi ekki verið í tónlist mjög lengi.

„Ætli fatahönnun og tónlist skarist ekki þar sem ímyndarsköpun listamannsins á í hlut. Fyrir mér er þetta spurning um að mála myndina mína alla. Upphaflega laðast ég að fatahönnun í framhaldsskóla vegna þess að hún er áþreifanleg og þrívíð. Ég elska að vinna í höndunum og vil helst fara tilraunakenndar leiðir og dansa á línunni þegar kemur að sköpunargleði versus klæðileika. Ég lærði einnig förðun í Airbrush&MakeUp School árið 2009 bara vegna þess að þar var verið að vinna með bodypaint og fantasíuförðun. Ég hef í rauninni í langan tíma ekki botnað almennilega í sjálfri mér vegna þess að ég hef flakkað á milli listgreina og forðast það eins og heitan eldinn að viðurkenna fyrir mér að ég sé mögulega bara listamaður og hér í þessari tilveru til að vera forvitin og skapa þennan heim sem býr í hausnum á mér.“

Inga Birna byrjaði í söngnámi árið 2016 og kláraði svo námskeið í lagasmíðum hjá Complete Vocal Studio á Íslandi árið 2018.

„Í kjölfarið kynntist ég Stebba og fór á flug með honum,“ segir Inga Birna.

Stebbi er Stefán Örn Gunnlaugsson pródúsent, en hann hefur verið að vinna með Ingu Birnu að plötunni.

„Ég sem megnið af lögunum og textunum á plötunni en hann leggur til allt undirspil og lögin verða því alltaf að skemmtilegu samvinnuverkefni. Hann útsetur lögin en ég sit með honum í stúdíóinu og útset með honum svo við erum mikið að vinna þetta saman,“ útskýrir Inga Birna.

„Ég var að gefa út fjórða lagið á plötunni minni núna um daginn en það heitir Game. Lagið er hresst aggressíft popp undir áhrifum frá hipphoppi. Þar erum við Stefán Örn að leika okkur með nokkrar stefnur.“


Platan Hypnopompic er væntanleg þann 23. apríl en hægt er að hlusta á þau lög sem þegar eru komin út á Spotify og YouTube.

„Þessi plata sem er að koma út er í rauninni algjör grautur. Ég er ekki beint að fylgja neinni stefnu annarri en hugmyndaflugsins míns. Ég vinn hvert lag út frá laginu sjálfu en ekki út frá þeirri stefnu sem ég vil halda mig við. Þetta er í raun algjör frumraun og tilraun til að átta mig á því hvernig listamaður ég er. En ég myndi flokka þetta sem tilraunakennt popp eða art popp,“ segir Inga Birna.

Blankiflur upp á yfirborðið

Inga Birna semur tónlistina undir listamannsnafninu Blankiflur. Hún segir að með Blankiflur sé hún í raun að blanda saman sínum listræna heimi undir einn hatt sem gengur undir þessu nafni.

„Með tónlistinni kom vettvangur fyrir mig til að stíga fram sem þessi vera innan gæsalappa, Blankiflur, sem hefur aldrei fengið almennilega að komast upp á yfirborðið vegna þess að ég hef einfaldlega verið hrædd um hvernig henni yrði tekið. Ég hef ósjaldan mætt viðmótinu „þú ert skrítin“ og ég var lítil í mér vegna þess alveg þar til ég fór að melta þá tilfinningu með músíkinni minni þegar ég byrjaði að semja 2018. Þá fór ég að skilja heiminn minn betur og ég sé lög og tóna í litum sem kemur svolítið heim og saman við þessa þörf að fá að mála myndina alla. Í dag fagna ég orðinu skrítin og öðruvísi, því þegar ég horfi til baka hef ég alltaf leitast eftir því að finna nýja hugmynd en ekki elta þær sem eru nú þegar til staðar. Ég myndi segja að hönnun mín endi yfirleitt mun tengdari búningahönnun en tísku, því kemur sér vel að hinn vinkillinn á minni sköpun felist að miklu leyti í því að standa á sviði og tjá mig í gegnum tónlist. Blankiflur er fatahönnun, tónlist og myndbönd. Hún er einhvers konar sjónrænn og hljóðrænn heimur. Mig langar svo mikið að vinna með þetta stóra sem býr inni í mér og það er fínt að það sé Blankiflur sem gerir það. En svo er ég líka bara Inga Birna. Það er gott að klæða þetta í þannig búning,“ útskýrir hún.



Inga Birna Friðjónsdóttir hefur prófað sig áfram með ýmis listform sem hún getur sameinað með verunni Blankiflur. MYND/BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR

Fáum öll ljótar tilfinningar

Inga Birna segist koma að öllum hliðum sköpunarinnar á nýju plötunni.

„Ég hef ekki verið að hanna eða sauma mikið undanfarið en það stendur til. Þegar við tónlistarfólkið fáum að koma fram þá stendur til að setja upp þennan heim hennar Blankiflur og skapa útlitið líka. Það er að sjálfsögðu markmiðið að halda útgáfutónleika en það er óljóst út af COVID. En ég er mjög spennt fyrir því að fá að byrja að koma fram,“ segir hún.



Tónlistin er vettvangur fyrir Blankiflur til að stíga fram. MYND/ZOE RUTH ERWIN



Lagið Game er nýlega komið á Spotify og YouTube. MYND/AÐSEND

Þessa dagana vinnur Inga Birna að gerð tveggja myndbanda við lögin sín í samstarfi við tvo stráka sem starfa í kvikmyndagerð.

„Ég get í raun ekki lýst myndböndunum enda eru þau bara í vinnslu og ég er að gera mér grein fyrir möguleikunum sem felst í myndbandagerð. Ég er bara að skapa það sem er í hausnum á mér. Það verður bara að horfa á þau og sjá,“ útskýrir Inga Birna.

„Platan sjálf er viss úrvinnsla á árunum á milli tvítugs og þrítugs. Ég var komin á stað þar sem ég þurfti að gera upp marga hluti eins og sambönd og spyrja sjálfa mig spurninga sem hafa legið á mér. Ég myndi segja að inngangurinn inn í öll lögin sé einhvers konar tilfinning á mismunandi stað á tilfinningarófinu.

Nýjasta lagið er í raun byggt á pirringi og reiði. Mér finnst mikilvægt sem manneskja að kanna allt litróf tilfinninganna. Þú ert kannski með ljóta tilfinningu og vilt forðast hana, en málið er að við fáum öll þessar ljótu tilfinningar. Ef við lærum ekki á þær, ef við náum ekki að bera kennsl á þær, þá getum við aldrei unnið með þær. Þannig að þetta nýjasta lag, Game, það er lag sem fjallar um ekki neitt sérstaklega fallegar tilfinningar. Þess vegna ákvað ég að taka þær og tífalda þær og setja inn í lag til þess að geta auðveldar borið kennsl á þessa tilfinningu þegar hún kemur upp í mér. Mögulega getur lagið gert það sama fyrir aðra, þá vil ég auðvitað í kjölfarið hvetja fólk til að skoða sjálft sig en ekki fara að ana út í einhverja reiði gagnvart öðrum, þó þetta lag sé kannski samið um það. Óhamingjan byrjar og endar hjá okkur sjálfum. Það er svolítið þetta uppgjör og sjálfskoðun sem ég er að vinna með á þessari plötu ásamt því að vinna með stórar og dýnamískar pælingar í útsetningum.“

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


Skoðið // www.hjahrafnhildi.is
VOR 2021
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

Tígulegir og tróna á toppi tískuheimsins

Vinsælustu karlkyns ofurfyrirsætur tískuheimsins eru fyrirmyndir karla um allan heim og eiga sameiginlegt að fanga athygli myndavéla og mannfólksins hvar sem er.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Breska sjarmatröllið David Gandy hefur lengi vermt topplistann yfir vinsælustu karlfyrirsætur heims. Hann hefur allan pakkann, eins og þar segir, býr yfir gamaldags karlmannlegum sjarma í fasi og framkomu og er með ómótstæðileg andlit sem tískubransinn og heimurinn elskar að horfa á. David var árum saman andlit Dolce & Gabbana en hefur síðan unnið með stærstu merkjum í bransanum, þar á meðal Hugo Boss, Zara og H&M. David hannar líka sína eigin nærfata- og náttfatalínu.

Sean O'Pry trónar líka á topplistanum yfir karlfyrirsætur heimsins. Hann er hlédrægur Bandaríkjamaður, þekktur fyrir ísblá augu og áberandi augabrúnir. Sean þykir hafa fullkomið andlit fyrir tískubransann og með ómótstæðilegum sjarma hefur hann landað ótal tískuherferðum, prýtt forsíður helstu tískublaða og gengið tískupallana fyrir frægustu tískuhönnuðina. Hann hefur undanfarin ár vermt listann yfir launahæstu karlfyrirsætur heims enda unnið fyrir marga af þeim stærstu; svo sem Armani, Ralph Lauren, Calvin Klein.

Lucky Blue Smith er gríðarvinsælt módel, ekki síst hjá yngri kynslóðinni sem fylgir honum eftir á Instagram og getur lagt orð í belg við heillandi útlit hans, tískumyndir og persónulegt líf. Lucky Blue er með stingandi ljósblá augu og ljóst, úfið hár, og minnir svolítið á eilífðartöffarann James Dean. Hann þykir tignarlegur í framkomu, með óaðfinnanlegan stíl, gengur reglulega tískupallana og hefur meðal annars unnið fyrir Calvin Klein, Tommy Hilfiger og Dolce & Gabbana.

Spænska fyrirsætan Jon Kortajarena er líka á toppnum. Hann varð andlit Cavalli átján ára og með það sama eftirsóttur innan tískubransans. Í kjölfarið fékk hann vinnu hjá Versace, Armani, Diesel og fleiri virtum hönnuðum. Jon hefur einnig sést í kvikmyndum, sjónvarpi og tónlistarmyndböndum, enda sláandi karlmannlegur gaur með skarpa andlitsdrætti, há kinnbein og þykkar augabrúnir sem myndavélin elskar og heimurinn með.




Jon Kortajarena.



Sean O'Pry.



David Gandy.



Lucky Blue Smith.



Við lífgum upp með litum í

Bóel

Full búð af fallegum vor fatnaði frá
RUNDHOLZ, STUDIOB3 og Klaes&Myras



Allir sem versla frá 4.-6. mars fá gefins varalit frá **Antipodes** sem gefur tóninn fyrir vorið

Bóel

KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Á ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boelisland
Opið virka daga 12-18 laugardaga 12-16
www.boel.is



PRADA ILMIRNIR NÚ AFTUR Á ÍSLANDI

20% AFSLÁTTUR Á KRINGLUKASTI 4.-8. MARS

Lyf & heilsa

Harðorð slagorð á fínlegu handverki

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir hefur vart undan við að taka við pöntunum á femínískum útsaumi. Hún saumar út þekkt slagorð og verkin hafa vakið mikla athygli. Myndirnar eru misjafnar.

Femínískur útsaumur Bjargeyjar Önnu Guðbrandsdóttur hefur vakið mikla athygli meðal vina og fjölskyldumeðlima undanfarna mánuði en hún deilir myndum af verkum sínum á samfélagsmiðlum. Þar fá meðal annars þekkt slagorð á borð við „Konur lifa ekki á þakklætinu“, „En þori ég, vil ég, get ég? Já ég þori, get og vil“, „Smash the patriarchy“, „Women belong in all places where decisions are being made“ að njóta sín auk skemmtilegra orðaleikja úr þekktum dægurlagatextum á borð við „Girls just wanna have funding for scientific researsch“.

Þrátt fyrir nýfengna athygli segist hún vera nýgræðingur í saumaskapnum. „Ég byrjaði fyrir tilviljun í október á síðasta ári. Systurdætur mínar voru að sauma út jólapúða sem ég kláraði þegar þær misstu áhugann og þá fann ég hvað ég hafði gaman af saumaskapnum. Ég hafði ekki saumað út síðan í grunnskóla en oft langað til að gera eitthvað í höndunum. Þarna fann ég loks handavinnu sem hentaði mér og byrjaði á dúllulegri jólamynd en fann strax að mig langaði ekki að sauma út hefðbundnar myndir.“



Bjargey Anna Guðbrandsdóttir saumar út skemmtilegar femínískar myndir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fínlegt og ósvífið

Það sem henni finnst skemmtilegast við útsaumaða femínísku slagorðin er hversu fínlegt og ósvífið handverkið er. „Ég hef alltaf verið mikið fyrir handverk og hef prjónað og heklað mikið í gegnum tíðina. Ég hef líka gaman af því að teikna og mála en útsaumurinn er eitthvað sem ég hef aldrei prófað áður. Ég hef mjög gaman af því að vinna með hendurnar og finnst gott að hafa eitthvað fyrir stafni. Ég er mjög ánægð með útkomuna og hvað verkin hafa vakið mikla athygli.“





#feministcrossstitch, og leitaði að uppskriftum út frá þeim. „Ég byrjaði bara að gúggla og fyrsta settið sem ég pantaði var „Smash the Patriarchy“. Í framhaldinu pantaði ég mér bókina Feminist Cross-stitch sem inniheldur fjölmargar uppskriftir með femínískum slagorðum á ensku.“

Hugmyndir úr öllum áttum

Það er misjafnt hvernig hugmyndavinnan fer fram. „Stundum finn ég bara uppskrift með flottu slagorði og sauma það út. En svo langar mig líka að sauma á íslensku og þá hef ég leitað að slagorðum úr íslenskri kvennabaráttu. Ég hef notað munstur úr Feminist Cross-stitch sem bakgrunn og útfært slagorðin á íslensku í stað þeirra ensku. Núna er ég að skoða gömul íslensk munstur og er að vinna að mynd úr því og setningunni „Engin hornkerling vil ég vera“ úr Njálu. Svo finnst mér gaman að sauma út orðatiltæki sem vinir og fjölskylda nota og segja dagsdaglega en eru ekki endilega skrifuð niður neins staðar. Þannig verður útsaumurinn persónulegri.“

Frábærar viðtökur

Viðtökurnar hafa að hennar sögn verið frábærar eftir að hún hóf að birta myndir af saumaskapnum á samfélagsmiðlum.

„Vinkonur og kunningjakonur fóru mjög fljótlega að spyrjast fyrir um myndir og núna hef ég varla undan. Mér finnst skemmtilegast að eiga hannyrðaskipti en ég hef bæði saumað mynd fyrir vettlingapar og mynd fyrir húfu og kraga. Þannig lifir hannyrðahagkerfið góðu lífi.“

Sjálf er Bjargey sveitastelpa að eigin sögn sem hefur búið í borginni meira en hálfa ævina. „Ég er menntuð í líffræði og stjórnun og hef unnið í Háskóla Íslands í tíu ár. Þótt ég búi ein á ég risastóra fjölskyldu úti á landi og í útlöndum, elska að ganga á fjöll, bæði á eftir kindum og mér til ánægju og yndisauka.

Ég ligg í leti á milli þess sem ég kem hlutunum í verk en ég tók meðal annars þátt í stofnun Samtaka kvenna í vísindum og aðstoðaði nýlega við að koma Hinsegin Vesturlandi á laggirnar.“



Hér má sjá sýnishorn af þeim myndum sem Bjargey hefur saumað.











Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra. Fæst í svörtu og hvítu. Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic Undirkjóll
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic Undirkjóll
með breiðum hlýra
Fæst í svörtu og hvítu. Særðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic - Stockholm,
síð skyrta. Fæst í svörtu, hvítu og ljósbláu. Stærðir 36-54
Verð kr. 12.980



Sandgaard Basic Síður hlýrabolur
Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 36-54
Verð kr. 4.980

yesta BY X-TWO | yest | no secret | Q'neel | ROBELL | ZHENZI | ZE-ZE Nordic | OPHILIA



Sandgaard Basic - New York
stuttur aðhalds hlýrabolur
Fæst í Svörtu og húðlituðu
Stærðir 38-56. **Verð kr. 4.980**



Sandgaard Basic Hneppt golla
Fæst í svörtu, navybláu og rauðu
Stærðir 36-54
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic - Helsinki
síð golla fæst í svörtu
Stærðir 36-54
Verð kr. 13.980



Sandgaard Basic hálfsíðar leggings
Fæst í Army grænu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980



Sandgaard Basic stretchbuxur
Fæst í Svörtu og navybláu
Stærðir 38-54
Verð kr. 7.980

SYBEL | festival DENMARK | STUDIO | GOZZIP | SANDGAARD | LASESSOR | FRANDSEN | tamaris | Handberg | Jana



Sandgaard Basic - New York leggings
Fæst í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 6.980



Sandgaard Basic - Pleðurbuxur
Fæst í svörtu
Stærðir 38-56
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic
Útvíðar buxur Fæst í svörtu
Stærðir 38-54
Verð kr. 9.980



Sandgaard Basic Stuttermabolur
Fæst í svörtu, navybláu, hvítu og Army grænu
Stærðir 36-54. **Verð kr. 3.980**



Sandgaard Basic Hlýrabolur
með mjóum hlýra Fæst í svörtu og hvítu
Stærðir 38-54
Verð kr. 4.980

Verslunin Belladonna

belladonna

Líttu við á
belladonna.is

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460

Húðflúr sjaldan verið vinsælla

Húðflúr virðist vera orðið stór hluti af nútíma menningu. Fræga fólkið er ekki undanskilið þegar kemur að því að skreyta líkamann með listrænum hætti. Það er þó misjafnt hversu mikið meistaraverk verður til með húðflúri.



Alex Sacha er þekktur húðflúrari og þykir gera einstök listaverk á fólk, sérstaklega er hann fær í víkingatattúi. Með honum er Jessica Alexandra Betancourth. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Húðflúr geta verið lítið eða stór listaverk á líkamanum. Sumir eru þaktir húðflúri svo varla sést lengur í venjulega húð. Oft hefur húðflúrið einhverja sögu að segja en hjá öðrum er bókstaflega heilt meistaraverk á líkamanum. Við fundum nokkrar myndir af vel skreyttum karlmönnum en konur eru ekki síður með húðflúr. Rihanna, Lady Gaga, Angelina Jolie, Scarlett Johansson, Miley Cyrus og margar fleiri hafa fengið sér minni eða stærri húðflúr.

Húðflúrtískan er síður en svo í rénun, hefur reyndar sjaldan verið vinsælli. Húðflúrin eru upphaflega sögð komin frá frumbyggjum en oft voru þau gerð af trúarástæðum.



Áhrifavaldurinn Chris Lavish hefur meira en 33 þúsund fylgjendur á Instagram og hefur verið vinsæll sem módel í New York þrátt fyrir yfirgengilegar húðskreytingar. Chris er með mikla ástríðu fyrir húðflúri og hefur sagt sögur af þeim í viðtölum bæði í Bandaríkjunum og Bretlandi.

Má telja víst að húðflúr hafi verið gerð í meira en 5.000 ár. Húðflúr hafa greinst á elstu mannvistarleifum.

Húðflúriðnaðurinn er alltaf að vaxa og sífellt eru gerðar meiri kröfur til listrænna hæfileika húðflúrara. Í raun eru engin takmörk fyrir því hvað fólk vill skreyta sig með á líkamanum. Sagt er að húðflúrsstofa hafi verið til í Jermyn Street í London á níunda áratugnum sem var lúxus tískuhverfi. Var hún sögð þjóna yfirstéttinni.

Hér áður fyrr voru engu að síður nokkrar fordómar gegn húðflúri. Japanir merktu til dæmis fanga með húðflúri. Þá munu nasistar hafa notað húðflúr í síðari heimsstyrjöldinni til að merkja fólk með tölum.

Vinsældir húðflúrs í dag eru ekki síst vegna þess hversu margar opinberar persónur hafa skreytt líkama sinn, má þar nefna stjörnurnar í Hollywood og heimsfræga knattspyrnumenn og þá til dæmis David Beckham. Körfuboltastjörnur í Bandaríkjunum hafa sömuleiðis verið duglegar að skreyta sig.



Colson Baker, betur þekktur sem Machine Gun Kelly (MGK), er bandarískur söngvari, rappari, lagahöfundur og leikari. Hann hefur gefið út nokkrar plötur auk þess að leika í kvikmyndum. Hann byrjaði söngferil sinn á unglingsárum og vekur jafnan athygli þar sem hann kemur.






Luigi Favoloso, ítalskur leikari og fyrirsæta, þykir einstakur sjarmör. Hér er hann mættur á kvikmyndahátíð í Feneyjum síðastliðið haust.



AJ McLean er bandarískur söngvari, lagahöfundur leikari, dansari og fyrirsæta. Hann söng með Backstreet Boys og vekur oft athygli fyrir litríkt húðflúr.



Þetta húðflúr af körfuboltahetjunni Kobe Bryant og dóttur hans Gianna ber sannur aðdáandi leikmannsins. Hann lét húðflúra sig eftir að feðginin fórust í hörmulegu flugslysi í janúar í fyrra. Ekki kemur fram nafn mannsinná myndinni.



Söngvarinn Justin Bieber hefur fagurlega skreyttan líkama og er ekkert að fela það.











Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skoðið laxdal.is

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Mörg þúsund tonn af textíl enda á haugunum á hverju einasta ári. Það er mikil eftirspurn eftir sjálfbærari og lífbrjótanlegum efni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ný efni úr sveppaþráðum

Framleiðsla er hafin á nýjum gerðum af textíl úr sveppaþráðum sem er hægt að nota til fatagerðar. Vonast er til að slík efni verði lífbrjótanleg og betri fyrir umhverfið en hefðbundin efni.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Á kveðin fyrirtæki eru farin að nýta sveppaþræði til að búa til efni sem gætu hugsanlega komið í staðinn fyrir leður og silki. Þessi efni eru ekki enn komin á almennan markað, en þessir framleiðendur eru að sýna að efni sem eru gerð út sveppaþráðum geta verið endingargóð og hafa minna kolefnisfótspor en mörg önnur efni.

Fjallað var um þessa framleiðendur í ítarlegri grein á vefsíðu The Washington Post síðasta haust. Þar kom fram að samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er tískuiðnaðurinn næstmest mengandi iðnaðurinn, á eftir olíuiðnaði. Tískuiðnaðurinn notar gríðarlegt magn af vatni og er ábyrgur fyrir 10% af allri kolefnislosun í heiminum, sem er meira en allt alþjóðaflug og skipaflutningar samanlagt.

Vandamálið hefur líka versnað mikið þökk sé ódýrum, fjöldaframleiddum flíkum sem eru oft lítið notaðar áður en þær enda á ruslahaug. Árið 1960 hentu Bandaríkjamenn 1.710 tonnum af textíl í landfyllingar en árið 2017 var sú tala komin upp í 11.150 tonn. Fyrir vikið er mikil eftirspurn eftir sjálfbærari efnum.

Alveg ný efni

Fyrirtækið MycoWorks var stofnað árið 2013. Þar er landbúnaðarúrgangur nýttur til að fóðra sveppategund sem étur við til að fá hana til að mynda sveppaþræði sem er vandlega stjórnað. Með því að stjórna hitastigi, rakastigi og öðrum umhverfisþáttum er hægt að koma í veg fyrir að sveppir myndist og fá sveppaþræðina til að vaxa þannig að þeir myndi trefjablöð. Varan sem verður til er kölluð Reishi og það er hægt að vinna þetta efni eins og leður.

MycoWorks segir að prófanir hafi sýnt að Reishi sé sterkara en leður og jafn endingargott og eins í útliti. Þannig að þarna er komið nýtt efni sem er hægt að nýta til að framleiða föt, sem gæti verið gott fyrir umhverfið.

Vonin er sú að þegar sveppaflík hættir að vera gagnleg sé hægt að endurnýta hana með því að láta sveppina éta hana aftur. Framleiðendurnir segja að Reishi sé lífbrjótanlegt undir réttum aðstæðum en að það sé undir vörumerkjum sem kaupa Reishi komið að tryggja að því sé fargað á ábyrgan hátt.

Bolt Threads er annað svipað fyrirtæki, sem var stofnað árið 2009. Þar eru lífræn efni notuð til að fóðra ger og sveppi sem umbreyta þeim svo í efni sem fyrirtækið notar til að framleiða efnið Microsilk, sem líkir eftir köngulóarsilki, og Mylo, sem er „leðrið“ þeirra.

Leðurframleiðendur benda samt sem áður á að það sé óheiðarlegt af fyrirtækjum sem framleiða staðgengla leðurs að halda því fram að þessi efni geti bjargað lífi dýra eða unnið gegn loftslagsbreytingum. Talsmenn leðuriðnaðarins í Bandaríkjunum segjast ekki senda eitt einasta dýr í slátrun og að einfaldlega sé verið að nýta skinn af dýrum sem er lógað til manneldis og myndi annars enda á haugunum. En þeir viðurkenna líka að vinnslu leðurs fylgi mikil mengun.



Mylo er efni sem líkir eftir leðri en er framleitt úr sveppum og geri. MYND/BOLTTHREADS.COM



Stella McCartney sýndi tenniskjól sem var gerður úr Microsilk árið 2019. MYND/BOLTTHREADS.COM



Þessi gullkjóll er úr Microsilk-efninu og var til sýnis á Nútímalistasafninu í New York. MYND/BOLTTHREADS.COM

Vonin er sú að þegar sveppaflík hættir að vera gagnleg sé hægt að endurnýta hana með því að láta sveppina éta hana aftur.

Arðbær bransi

Fjárfestar hafa eytt milljónum dollara í þessi lífrænu textílefni. MycoWorks hefur safnað tugum milljóna dollara í fjármögnun og er að opna aðra verksmiðju til að auka framleiðslugetuna. Í tískuvikunni í New York á seinasta ári var Reishi frumsýnt og fyrirtækið sækist eftir frekara samstarfi við tískuhönnuði.

Bolt hefur fengið yfir 200 milljón dollara fjármögnun en hefur farið varlega inn á markaðinn á síðustu árum. Fyrirtækið hefur selt örfáar vörur í takmörkuðu upplagi á háu verði og þær hafa selst upp mjög hratt, því eftirspurnin er mikil.

Stella McCartney, sem notar engar dýraafurðir í vörur sínar, sýndi tenniskjól sem var gerður úr Microsilk og veski úr Mylo árið 2019, en hvorugt var til sölu. Nútímalistasafnið í New York sýndi líka gullkjól úr Microsilk efninu á sýningu árið 2017. Efnin frá Bolt eru eingöngu seld til vörumerkjanna Stella McCartney, Adidas, Kering og lululemon en vörur úr Mylo fara í almenna sölu á þessu ári.


20% afsláttur af ÖLLUM töskum!
20% afsláttur af hlýrabolum!
KRINGLUKAST/GLERÁRHLAUP
ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR
af völdum vörum dagana 4-8. mars
Kringlan - Glerártorg - ZIKZAKVERSLUN.IS
ZIKZAK
TÍSKUHÚS


Bolur
3.992,-
Áður 4.990,-
S-XXXL
Kjóll
5.592,-
Áður 6.990,-
S-XXXL
Kjóll
1.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL
Kjóll
6.392,-
Áður 7.990,-
S-XXXL
Kjóll
3.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL


Kjóll
1.990,-
Áður 5.990,-
S-XXXL


Bolur
2.495,-
Áður 4.990,-
S-XXXL


Kjóll
3.990,-
Áður 6.990,-
S-XXXL


Peysa
5.592,-
Áður 6.990,-
S-XXXL


Jakki
11.992,-
Áður 14.990,-
42-56


Jakki
9.990,-
Áður 12.990,-
38-50
FRÍ HEIMSENDING
þegar verslað er fyrir 7.000,- eða meira
WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA
Bjóðum einstaklingum framtals-aðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.
Góð þjónusta á sanngjörnu verði.
Uppl. í síma 8548080/5168080
retta.is
olafur@retta.is

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Meindýravarnir

Vantar þig meindýraeyðir?
Sé um öll smærri og stærri verk, eyðingu sem og ráðgjöf.
Upplýsingar í síma 780 4481.
Er með öll tilskilin leyfi.
Cultus/Jóhann

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR.IS
Málningarþjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstiþvoum,vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211
VISA EURO

Húsaviðhald

Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.
https://runarmurari.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

HELLULAGNIR
Ásgarðar tekur að sér allar almennar hellulagnir.
Erum að taka niður pantanir fyrir sumarið.
Áralöng reynsla vönduð vinnubrögð
Gerum tilboð að kostnaðarlausu
Email: hellulogn@gmail.com
S. 898 6085 og S. 848 6564
Ásgarðar

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.
Tímavinna eða tilboð.
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Einkamál

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA
Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Skipulagssvið Akureyrarbæjar



Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030
- Heilsugæslustöðvar

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 19. janúar 2021 samþykkt að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu.

Breyting er gerð á svæði milli Byggðavegar, Þingvallastrætis, Þórunnarstrætis og Hrafnagilsstrætis sem verður skilgreint sem miðsvæði þar sem m.a. verður gert ráð fyrir byggingu heilsugæslu auk íbúðabyggðar til viðbótar við starfsemi sem er á svæðinu. Þá er gerð breyting á ákvæðum íbúðasvæðis merkt ÍB19 sem felur í sér að heimilt verður að byggja heilsugæslu á lóð nr. 20 við Skarðshlíð auk íbúða á efri hæðum. Tillagan er birt á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is – neðst á forsíðu undir: *Auglýstar skipulagstillögur*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 21. apríl 2021 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagssviðs Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

Persónuupplýsingar sem fylgja athugasemdum við skipulag, s.s. kennitala, nafn og netfang eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda.

Sjá nánar um meðferð persónuupplýsingar hjá Akureyrarbæ https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/personuverndarfulltrui

Athugasemdir teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn þeirra sem senda athugasemdir koma fram í fundargerðum skipulagsráðs sem eru birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Sviðsstjóri skipulagssviðs

Akureyrarbær
Skipulagssvið
Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

---

SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

AUGLÝSING
Um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 24. febrúar 2021 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Grænuborgar, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingunni felst m.a. að; Lóðarmörkum, byggingarreitum og aðkomum að lóðum við Grænuborg 2-16 er breytt. Hámarksfjöldi íbúða í fjölbýlis- eða raðhúsum innan nokkurra lóða og byggingarreita við Hrafnaborg breytist. Innan byggingarreita á lóðum við Hrafnaborg 7, 9, 10, 11, 12 og 13 er sú breyting gerð að heimilt verður að byggja fjölbýlis- eða raðhús á 1-2 hæðum en áður var aðeins heimilt að byggja á tveimur hæðum. Skilmálum fyrir fjölbýlishús eða raðhús á tveimur hæðum (E) er breytt á þann hátt að í stað þess að hús verði öll með flötu þaki og 8,0 m hámarkshæð er mögulegt að hafa hús með flötu þaki og 7,0 m hámarkshæð eða hallandi þak og þá verður hámarkshæð 8,5 m. Skilmálum fyrir fjölbýlishús á fjórum hæðum (F) er breytt á þann hátt að í stað þess að hús verði öll með flötu þaki og 13,5 m hámarkshæð er mögulegt að hafa hallandi þak og þá verður hámarkshæð 15,0 m. Heildarfjöldi íbúða á skipulagssvæðinu var í gildandi deiliskipulagi 269 en verður skv. breytingu á deiliskipulagi 303.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogum frá og með föstudeginum 5. mars 2021 til og með föstudagsins 16. apríl 2021. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is/Skipulag/Skipulag_i_kynningu/.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en föstudagsinn **16. apríl 2021.**

Vogum, 4. mars 2021
Ásgeir Eiríksson
Bæjarstjóri



Þjónustuauglýsingar


Sími 550 5055

LOK Á HEITA POTTA

Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.
Metum ástand og gerum við.
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

EYJALIND
Varahlutir í VOLVO Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?


Bílsætaviðgerðir-, mótorhjóla og snjósleðasæti. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is
Formbólstrun
Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík
588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 11–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. MARS 2021 FIMMTUDAGUR

Merkisatburðir

1861 Abraham Lincoln verður sextándi forseti Bandaríkjanna.

1877 Emile Berliner finnur upp hljóðnemann.

1936 Zeppelinloftfarið Hindenburg flýgur sitt fyrsta reynsluflug.

1955 Armed Forces Radio and Television Service Keflavik fær heimild íslenskra stjórnvalda til sjónvarpsútsendinga.



1964 **Hljómar** frá Keflavík slá í gegn á fyrstu bítlatónleikunum á Íslandi. Tónleikarnir eru haldnir í Háskólabíói. Fjórar aðrar hljómsveitir koma þar fram.

1968 Fyrsta leikritið sem sett er upp sérstaklega fyrir sjónvarp á Íslandi er sent út. Það er verkið Romm handa Rósalind eftir Jökul Jakobsson.

1971 Íslendingar kaupa uppstoppaðan geirfugl á uppboði í London. Áður var safnað fyrir fuglinum um allt land.

1983 Menningarmiðstöðin Gerðuberg er opnuð í Breiðholtshverfi í Reykjavík.

2000 PlayStation 2 kemur fyrst út í Japan.

2005 Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands sameinast undir merkjum þess fyrrnefnda.



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Birgis Lúðvíkssonar

Sléttuvegi 23.

Helga Brynjólfsdóttir
Lúðvík Birgisson
Sigríður Birgisdóttir — **Brynjar Gauti Sveinsson**
Guðríður Birgisdóttir — **Steingrímur Gautur Pétursson**
Unnur Jónsdóttir
og afabörn.



†

Innilegustu þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Rafns Magnússonar

vélfræðings og kennara,
Löngulínu 7, Garðabæ.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks dvalarheimilisins Ísafoldar, Garðabæ, fyrir einstaka alúð og hlýju í hans garð.

Eva Guðmundsdóttir
Vilborg Rafnsdóttir
Kristinn Rafnsson — **Sólborg Tryggvadóttir**
Elsa Rafnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför föður okkar, tengdaföður og afa,

Guðjóns Arnar Kristjánssonar

Lækjasmára 8, Kópavogi.

Guðbjörg K. Guðjónsdóttir — **Stefán Þórisson**
Ólafur Jón Guðjónsson — **Eyrún Ásta Bergsdóttir**
Katrín Guðjónsdóttir
Erla Björk Guðjónsdóttir — **Gunnar Ólafsson**
Örn Már Guðjónsson — **Sigrún Svava Gísladóttir**
og barnabörn.



Í Eldheimum er hátt til lofts og vítt til veggja og þar ætlar Kristín að bjóða upp á tónleika um helgina. FRÉTTBLAÐIÐ/EYÞÓR

Við hugsum ekki bara um Herjólf og veðrið

Vestmannaeyingar eru hamingjusamastir Íslendinga og ánægðastir með sitt samfélag, samkvæmt niðurstöðum nýrrar könnunar sem skýrt var frá í Fréttablaðinu í gær. Því var slegið á þráðinn til ágætrar Eyjapæju, Kristínar Jóhannsdóttur í Eldheimum.

Já, ég skal alveg vera fulltrúi hamingjusamra Vestmannaeyinga," segir Kristín Jóhannsdóttir, forstöðumaður Eldheima, glaðlega. „Stundum er látið eins og við séum ekki að gera neitt nema hugsa um Herjólf og veðrið en við erum að gera fullt annað. Nú má aftur fara að hafa gaman og Vestmannaeyingar hafa alltaf verið góðir í að búa til eitthvað skemmtilegt."

> **Nú má aftur fara að hafa gaman og Vestmannaeyingar hafa alltaf verið góðir í að búa til eitthvað skemmtilegt.**


Tónleikar um helgina

Eins og alþjóð veit býður Kristín upp á tilkomumikla gosminjasýningu í Eldheimum en að hún breytti safninu líka í hljómleikasal, það vissi ég ekki. „Ég er að undirbúa frábæra tónleika um helgina," upplýsir hún. „Þar mun spila band sem í er heimafólk og tónlistarmenn sem ég er að flytja inn." Nú, segðu mér meira – bið ég forvitin. „Já, hér er tónlistarfólk sem hefur látið að sér kveða í Eyjum, Helga Jónsdóttir og Arnór Hermannsson, og með þeim koma fram Magnús R. Einarsson og Eggert Jóhannsson. Þau munu flytja vísnatónlist, bæði sænska og íslenska. Það er spenningur fyrir þessu og með því að skipta Eldheimum upp getum við tekið á móti nær hundrað manns því hér er hátt til lofts og vítt til veggja."

Horfir bjartsýn fram á veginn

Kristín segir búið að ganga furðu vel í Eyjum á veirutímanum. „Ég hef haft opið allan tímann af því húsið er svo stórt, auðvitað komu fáir suma dagana – jafnvel enginn, en bærinn gat boðið upp á þessa þjónustu. Svo hafa hlutirnir gengið nokkuð sinn vanagang, börnin hafa getað verið í skólum og íþróttum og þó að loðnan hafi ekki veiðst í jafnmiklu magni og oft áður þá er gleði yfir að fá þó einhverja loðnu á land. Við höfum ekki verið jafn háð ferðaþjónustu og margir aðrir landshlutar og því hafa ekki orðið eins svakalegar sveiflur í þessu samfélagi og sums staðar annars staðar. Nú vonum við að botninum sé alls staðar náð og við séum á leið upp á við. Það er byrjað að selja inn á stórmótin hér í Eyjum og við vonumst til að geta haldið stórhátíðir sumarsins, bæði Þjóðhátíð og Goslokahátíð. Í Eldheimum er ég byrjuð að taka á móti bókunum aftur."

Í lokin er Kristín spurð hvort Vestmannaeyingar finni fyrir jarðhræringum. „Gott þú minnist á það," segir hún. „Eyjar eru einmitt staðurinn til að fara á núna ef skjálftar og gos eru uppi á landi. Ég er ein þeirra sem hafa ekki fundið fyrir neinum jarðskjálfta í þessari hrinu, vinir mínir og sambýlismaður hafa reyndar fundið einn og einn, en Vestmannaeyjar eru vel settar svo það þarf enginn að tapa gleðinni út af því eins og er." **gun@frettabladid.is**



†

Elskulegur eiginmaður og faðir okkar,

Sigurður Sigvaldason

verkfræðingur,
Hvassaleiti 103,

lést aðfaranótt 28. febrúar.
Útförin verður auglýst síðar.

Sigrún Magnúsdóttir
Sigurður, Ragnheiður, Sólveig og Magnús Sigurðarbörn



†

Ástkær eiginmaður og faðir,

Armando Beqirai

lést sunnudaginn 14. febrúar.
Útförin fer fram í Grafarvogskirkju föstudaginn 5. mars klukkan 15.

Þóranna Helga Gunnarsdóttir
Alexander Beqirai

Walls 2 Paint

Milliveggir fyrir heimili

Skrúfa, líma og mála.
Engin grunnun.
Ekkert spartl!

Stærð plötu:
600 x 2600 x 12mm
600 x 3000 x 12mm

P.P & CO

BYGGINGAVÖRUVERSLUN
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO

Ármúli 29 108 Rvk 512-3360 korkur.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 3 ←	5 °C | 11 ↗	6 °C | 4 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 2 ↑	3 °C | 3 →	-4 °C | 5 ↑

Suðlæg átt 3-10 í dag. Skýjað og úrkomulítið um landið V-vert, annars bjartviðri. Hiti víða á bilinu 1 til 6 stig.

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 4 ↖	5 °C | 9 ↗	5 °C | 6 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
3 °C | 4 ↖	4 °C | 1 ↙	-2 °C | 6 ↑

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 °C | 4 ↖	4 °C | 2 ↑	4 °C | 1 ↑
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
2 °C | 1 ↓	5 °C | 4 ↙	0 °C | 5 ↑

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
		9		7		2		3
7		2						

MIÐLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6				2	
8			7			1		
			9	5				
	7	3		4		8		


ÞUNG

	4				6		2	
	1			4		3		7
		7			3			6
		1						
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
		8				1		
	7				5			3

Krossgáta

LÁRÉTT
1 einrækta
5 vesal
6 átt
8 laska
10 tveir eins
11 kk nafn
12 geymi
13 sókn
15 frumregla
17 týna

LÓÐRÉTT
1 slöngvikraftur
2 ljósker
3 bergmála
4 mótspyrna
7 bragðefni
9 skralla
12 kornél
14 huglítil
16 borðhald



LÁRÉTT: 1 kíóna, 5 aum, 6 ny, 8 skadda, 10 tt, 11 jón, 12 hafi, 13 fram, 15 lögmál, 17 glata.
LÓÐRÉTT: 1 kastafl, 2 lukt, 3 óma, 4 andóf, 7 vanilla, 9 djamma, 12 hagl, 14 róg, 16 át.

Skák Gunnar Björnsson

Davíð Kjartansson (2.326) átti leik gegn Vigni Vatnari Stefánssyni (2.314) á Brim-mótinu um síðustu helgi.

28...Dxh3! 29. Dh4 De3+ 30. Hf2 Hd2! 31. Re7+ Kf8 32. Rd5? (32. Bd5! vegna hótunarinnar 33. Rg6+ er best. Tölvan metur stöðuna jafna). **32... Dxf2+ 33. Dxf2 Rxf2** og yfirburðir svarts dugðu til sigurs. Yngvi Björnsson vann síðasta þriðjudagsmót TR.

www.skak.is: Skákþing Kópavogs hefst í kvöld.

Svartur á leik



9	5	6	1	4	7	2	3	8
7	1	3	8	2	5	6	9	4
8	4	2	9	3	6	7	5	1
4	6	9	5	7	2	8	1	3
5	7	8	3	6	1	9	4	2
2	3	1	4	8	9	5	6	7
6	8	5	2	1	4	3	7	9
1	2	7	6	9	3	4	8	5
3	9	4	7	5	8	1	2	6

5	1	2	3	4	6	8	9	7
6	3	8	5	7	9	1	4	2
7	4	9	8	1	2	3	5	6
4	2	7	9	3	1	5	6	8
8	5	3	2	6	4	7	1	9
9	6	1	7	5	8	4	2	3
1	7	6	4	2	3	9	8	5
2	8	5	1	9	7	6	3	4
3	9	4	6	8	5	2	7	1

6	1	2	3	8	4	7	9	5
9	3	4	7	1	5	8	2	6
5	7	8	9	6	2	1	3	4
2	5	3	8	7	6	9	4	1
7	4	6	2	9	1	3	5	8
1	8	9	4	5	3	6	7	2
8	9	5	1	2	7	4	6	3
4	6	1	5	3	9	2	8	7
3	2	7	6	4	8	5	1	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BÍLAR

Fyrsti rafbíllinn frá Ionic-merkinu lítur dagsins ljós

Ionic er undirmerki Hyundai og ætlað fyrir rafbíla eingöngu. Ionic 5 hefur nú verið frumsýndur og mun koma með tveimur stærðum af rafhlöðum.



Ionic 5 er með óvenjumikið hjólhaf eða heila þrjá metra og býður því upp á fjölnotamöguleika í farþegarými.

Ionic 5 er ætlað að keppa við bíla eins og VW ID.3 og Tesla Model 3 en fleiri bílar eru væntanlegir frá merkinu á næstu árum. Ionic 5 er 4,6 metrar á lengd og líkt og í ID.3 er farþegarými hærra vegna fyrirferðar rafhlöðunnar í undirvagni bílsins. Undirvagninn er alveg nýr og kallast E-GMP en hjólhaf Ionic 5 er óvenjumikið fyrir bíl í þessum flokki. Það er heilir 3.000 mm sem er lengra en í Audi A6. Til að ráða við þyngd rafhlöðunnar er fjöðrunin með MacPherson-turnum að framan og fjöllliða fjöðrun að aftan.

Útlitslega minnir bíllinn nokkuð á tilraunabíl sem Hyundai frumsýndi á áttunda áratugnum og hét Pony Coupe. Meðal atriða í útliti sem eru sérstök fyrir bílinn eru innfellanleg hurðarhandföng og skellaga vélarhlíf. Undir henni eru örþunn aðalljós og „grill“ sem innihelduir þá skynjara sem hátæknivæddir bílar nútímans þurfa að hafa. Ionic 5 verður með 800 V rafkerfi sem þýðir að hann getur notað allt að 220 kW hraðhleðslustöð. Þannig getur bíllinn hlaðið sig frá 10% í 80% á aðeins 18 mínútum. Bíllinn kemur með tveimur gerðum rafhlaða, 58 og 72,6 kWst. Með minni rafhlöðunni er rafmótor fyrir afturdrif að skila 168 hestöflum og 350 nm togi. Með stærri útgáfunni er afturhjóladrifin útgáfa 215 hestöfl og fer í hundraðið á 7,4 sekúndum. Fjórhjóladrif verður í boði með báðum rafhlöðunum og eru 6,1 eða 5,2 sekúndur í hundraðið. Drægið verður nálægt 500 km en Hyundai hefur ekki staðfest það endanlega enn þá þar sem prófanir vegna WLTP-staðalsins eru enn þá í gangi. Bíllinn verður einnig fáanlegur með sólarsellum í þaki sem gæti verið vinsæll aukabúnaður í löndum sem búa við meiri sól en er hérlendis. Hingað til lands kemur bíllinn að öllum líkindum í júlí.



Ný efni verða í innréttingu og tveir samhliða 12,25 upplýsingaskjáir.



Bílnum svipar mjög til XC40 en þaklínan hallar meira aftur.

Volvo kynnir rafbílinn C40 Recharge

Volvo kynnti á þriðjudag sinn fyrsta rafbíl sem hannaður er þannig frá grunni en hann er byggður á XC40 og er í raun og veru önnur kynslóð hans.

» Volvo C40 er byggður á sama undirvagni og XC40 og er svipaður að stærð.

Volvo C40 Recharge er ætlað að keppa við bíla eins og Tesla Mode Y og Audi Q4 e-tron til að mynda. Eins og sjá má svipar honum mjög til XC40 Recharge að framan en þaklínan hallar meira að aftan svo að bíllinn minnir dálítið á stóran hlaðbak. Að aftan er bíllinn öðruvísi, með láréttum ljósum og vindskeið þótt lítil sé.

Volvo C40 er á sama CMA-undirvagni og XC40 og er svipaður að stærð og flestar stærðartölur þær sömu, eins og til dæmis hjólhafið. Þrátt fyrir afturhallandi þak er farangursrýmið það sama eða 413 lítrar. Einnig kemur hann með rafbúnaðinn úr XC40 P8 sem eru rafmótorar á hvorn öxul sem samtals skila 402 hestöflum og 660 nm togi. Það dugar bílnum til að fara í hundraðið á aðeins 4,9 sekúndum og upp í takmarkaðan hámarkshraða Volvo sem er 190 km á klst. Rafhlaðan er 78 kWst og samkvæmt WLTP staðlinum á hún að skila bílnum 420 km drægi. Hámark hleðslugetu er 150 kW sem þýðir að hægt er að hlaða hann í 80% á 40 mínútum. Upplýsingakerfi bílsins er stýrt af Android Automotive og notar Google maps fyrir leiðsögutækið og fær upplýsingar gegnum síma ökumannsins. Engar myndir hafa verið birtar innan úr bílnum en að sögn Volvo er ekkert leður notað í innréttingu hans.

Hyundai kynnir Bayon blendingsbílinn

Hyundai kynnti á þriðjudag blendingsbílinn Bayon sem keppa á við Renault Captur og Peugeot 2008. Slíkar gerðir bíla hafa rutt sér til rúms að undanförnu og kallast á engilsaxnesku Crossover en heitið blendingsbíll á vel á við hér á landi. Bíllinn er líka nokkurs konar fólksbíll með útlit jepplings og oftar en ekki er drifið aðeins á öðrum öxli bílsins svo ekki er hann jepplingur.

Bíllinn líkist nokkuð nýjum Hyundai Tucson í útliti með örþunnum dagljósum yfir þríhyrningslaga aðalljósum, og að aftan er sams konar örvarlaga afturljós sem tengd eru saman með ljósaborða. Bíllinn er 4.180 mm á lengd og 1.775 mm á breidd svo að hann er aðeins minni en samkeppnin og einnig nokkuð minni en Hyunda Kona. Samt er farangursrýmið 411 lítrar sem er eins og í meðalstórum jepplingi og hjólhafi 2.580 mm. Veghæðin er 183 mm og hann kemur á 17 tommu álfelgum. Tæknin kemur að mestu leyti úr Hyundai i20 enda er hann byggður á sama undirvagni, og verður hann einnig með svipuðum búnaði. Vélin er eins lítra bensínvél eins og í i20 og er annað hvort boðin sem 99 hestöfl eða 118 hestöfl.



Hyundai Bayon er blendingsbíll fólksbíls og jepplings á grunni i20.

BRIM

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Brims hf. verður haldinn fimmtudaginn 25. mars 2021 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Gætt verður að gildandi fyrirvörum stjórnvalda um fjöldatakmarkanir, nálægðarmörk og sóttvarnir, en jafnframt verður gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum.

Fundurinn fer fram á íslensku og hefst klukkan 17:00.

Dagskrá

1. Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.11 í samþykktum félagsins.
2. Tillaga um heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum samkvæmt 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram með rafrænum hætti í gegnum Lumi AGM

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið adalfundur@brim.is með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, 10 dögum fyrir fundinn. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 mánudaginn 15. mars 2021.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu Brims, Norðurgarði 1 eða á netfangið adalfundur@brim.is. Tilkynnt verður um framkomin framboð tveimur dögum fyrir aðalfundinn.

Boðið verður upp á fullgilda rafræna þátttöku á fundinum í gegnum Lumi AGM án þess að hluthafar séu viðstaddir á fundarstað. Hægt verður að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi. Rafræn þátttaka jafngildir mætingu á fundinn og veitir rétt til þátttöku í honum að öðru leyti.

Atkvæðagreiðsla á fundinum mun alfarið fara fram í gegnum Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á Hótel Nordica eða taka þátt með rafrænum hætti, eru hvattir til að hlaða niður smáforriti Lumi AGM í eigin snjalltæki, en jafnframt geta þeir greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM.

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar aðalfundur fer fram geta beitt réttindum sínum á aðalfundi. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð, en form að umboði er aðgengilegt á vefsíðu félagsins. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á því að sækja fundinn, hvort sem er rafrænt eða á staðnum, eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn á vefsíðunni www.smartagm.com og eigi síðar en kl. 17.00 þann 24. mars, eða degi fyrir fundardag. Með innskráningu þarf að fylgja mynd af skilríkjum og umboð, ef við á.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Heildarhlutafé félagsins nemur kr. 1.955.979.606 og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Eigin bréf félagins eru nú kr. 34.920.417 og virkt hlutafé félagins því kr. 1.921.059.189

Dagskrá og öll skjöl sem lögð verða fyrir aðalfundinn, þ.m.t. ársreikningur félagsins og tillögur eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.


Allar nánari upplýsingar um aðalfundinn má finna á vefsíðu félagsins https://www.brim.is/brim/fjarfestar/adalfundur2021/

Reykjavík 3. mars 2021
Stjórn Brims hf.

LADY málning JOTUN

20% afsláttur

Litakort Sir Arnars Gauta er komið í Húsasmiðjuna





25%

GROHE



Handlaugartæki
EcoJoy með push-up tækni. **7910881**

9.990kr
~~13.215kr~~

28%

GROHE



Eldhústæki
StarLight áferð, auðveldar þrif. **7911066**

13.990kr
~~19.985kr~~

25%



damixa™

Eldhúsblöndunartæki
Silhouet, svart. **8000048**

31.490kr
~~41.990kr~~

20%



damixa™

Handlaugartæki
Silhouet, svart. **8000057**

27.990kr
~~34.990kr~~

26%



Orkidea
12 cm pottur. **11325000**

1.990kr
~~2.690kr~~

20%



Sómakólfur
12 cm pottur. **11328264**

2.790kr
~~3.490kr~~

23%



Indíána-fjöður
11261877

2.290kr
~~2.990kr~~



Gasgrill
Magnum Outback, 3 brennarar með hliðarhellu, hitamælir í loki. **3000227**

79.990kr
~~89.990kr~~

33%



LAUFEN

Veggskál + seta
7920021

39.990kr
~~59.845kr~~

Sparaðu 5.000kr



AEG

AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.
Kolalaus mótor, vigtar þyngd þvottar. **1860502**

89.990kr
~~94.990kr~~

Sparaðu 10.000kr



Electrolux

Þurrkari, barkalaus
Tekur 7 kg, orkuflokkur B, stærð: 85X59,6X57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. **1835643**

69.990kr
~~79.990kr~~

25%



BerlingerHaus

Hrærivél Black Rose
6 hraða, stál skál 6 ltr., deigkrókur, hræra og pískari, 1400W, 220-240V, 50/60Hz. **1829198**

20.925kr
~~27.900kr~~

26%



Borvél 18V + 80 fylgihlutir
2 stk. 18V(1.5AH) LI-ion rafhlöður, Led ljós. **5245558**

19.995kr
~~26.995kr~~

20%

Nilfisk



Háþrýstidæla
125 bör, 1.4kW, 438 ltr./312 ltr./klst., hámarkshiti á vatni 40°C, Click & Clean kerfi, 5 m slanga og rafmagnssnúar, þyngd 6.4 kg. **5254250**

17.995kr
~~22.495kr~~

20%

AEG



Ryksuga AEG
750/650W, 5 m snúra og vinnu-radíus 8 m,ryksuguhaus fyrir parket og mottur. **1870001**

13.590kr
~~16.990kr~~

15%



HUE Start Kit
Með rofa, brú, 2xE27, LED perur. **6167000**

17.395kr
~~20.465kr~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Fallegra heimili



Nýtt blað
er komið út
husa.is

Parket og flísar

25%

afsláttur

Upptaktur að upprisu tónlistarlífsins

Víkingur Heiðar Ólafsson kemur fram á nokkrum tónleikum í Hörpu. Spilar einnig í Ísafjarðarkirkju og Hofi. Ný plata frá Deutsche Grammophon á leiðinni.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Víkingur Heiðar Ólafsson kemur fram á tónleikum í Hörpu þar sem hann leikur efnisskrá af einleiksplötu sem kom út hjá Deutsche Grammophon á síðasta ári. Á fyrri hluta tónleikanna verða verk eftir Claude Debussy og Jean-Philippe Rameau og eftir hlé flytur Víkingur Heiðar Myndir á sýningu eftir Modest Mussorgsky í umritun Vladimirs Horowitz.

Til stóð að tónleikarnir yrðu opnunartónleikar Listahátíðar 2020 en vegna COVID hefur þeim verið margfrestað. Nú hefur loks verið slakað það mikið á að hægt er að halda þessa útgáfutónleika, ári eftir að platan kom út. „Ég var búinn að gefa það út að ég myndi gera allt sem þyrfti til að fá að halda þessa tónleika, jafnvel spila tvenna tónleika á dag með örfáum áheyrendum í salnum," segir Víkingur Heiðar. „Það sem skiptir mestu máli er að nú er ekki lengur tveggja metra regla í Eldborg þannig að um 800 manns geta verið í salnum og þá er miðað við allra ströngustu reglur. Þetta er ótrúlega mikill léttir, ég trúi því varla að þetta sé að gerast."

Fyrstu tónleikarnir verða á morgun, föstudaginn 5. mars, og vegna mikillar aðsóknar verða aukatónleikar á laugardag, sunnudag og þriðjudag. Tónleikarnir verða einnig í Ísafjarðarkirkju 11. mars og Hofi á Akureyri, 13. og 14. mars. „Ég hef ekki spilað á landsbyggðinni í tíu ár því ég hef verið svo mikið í útlöndum en núna er hinn fullkomni tími til að gera þetta. Ég tók þátt í að vígja Hof fyrir tíu árum og það er mikið tilhlökkunarefni að spila þar aftur. Ég á góðar minningar frá Ísafirði sem er afar músíkalskur bær, þar er alltaf fullt hús á öllum tónleikum. Ég spilaði þar fyrst þegar ég var 16 ára á einleikstónleikum. Ég hlakka mikið til að koma þar fram," segir Víkingur Heiðar.

Kraftur listarinnar

Þótt langflestum verkefnum Víkings Heiðars hafi verið frestað vegna COVID, þar á meðal stórtónleikum í Carnegie Hall, hefur hann þó spilað furðu mikið erlendis undanfarið. „Ég hef verið einkennilega lánsamur í þessu óláni og leikið á tónleikum hér og þar, í Japan, Mið-Evrópu og Skandinavíu. Það má kannski segja að ég hafi oft verið síðasti maðurinn til að spila áður en allt lokar.

Í október spilaði ég á tvennum tónleikum í Berlín þegar búið var að tilkynna að tveimur dögum seinna yrðu ekki fleiri menningarviðburðir í boði um óákveðinn tíma. Áheyrendur klöppuðu endalaust, vildu ekki sleppa tónleikaupplifuninni og fara heim. Það var mjög fallegt að finna kraft listarinnar og hvaða áhrif hún hefur á fólk en það var líka sorg vegna þess að allt var að loka.

Í desember var ég í Japan þar sem ég var tvær vikur í sóttkví en spilaði svo á átta tónleikum þar sem selt var í hvert sæti, enda örfá COVID-tilfelli í landinu á þeim tíma. En um leið og ég var farinn var landinu lokað. Það gerðist það nákvæmlega sama í Noregi, þá var ég að spila í Bergen með þeirra frábæru fílharmóníusveit. Þar var ég eina viku í sóttkví og tvær vikur að spila. Svo fór ég heim til Íslands og frétti að búið væri að loka þar fyrir alla menningarviðburði. Þannig að ég hef verið síðastur að spila fyrir lokun en nú ætla ég að snúa blaðinu við og verða fyrstur til að spila eftir opnun, sem er miklu betri hugmynd."



„Ég trúi því varla að þetta sé að gerast," segir Víkingur Heiðar um væntanlega tónleika. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> ÞANNIG AÐ ÉG HEF VERIÐ SÍÐASTUR AÐ SPILA FYRIR LOKUN EN NÚ ÆTLA ÉG AÐ SNÚA BLAÐINU VIÐ OG VERÐA FYRSTUR TIL AÐ SPILA EFTIR OPNUN, SEM ER MIKLU BETRI HUGMYND.

Plata frá Deutsche Grammophon

Víkingur Heiðar mun árita plötu sína á tónleikunum fyrir þá áheyrendur sem ekki eiga hana nú þegar. Hann segir að ný plata frá Deutsche Grammophon komi út 12. mars. „Hún heitir Reflections og er eins konar systraplata Debussy og Rameau plötunnar. Á henni eru verk eftir Debussy og Rameau, upptökur sem komust ekki á plötuna en ég vildi endilega gefa út. Við buðum svo erlendum og íslenskum tónlistarmönnum að taka mínar upptökur af gömlu plötunni og búa til nýja tónlist úr henni. Það er stórkostlegt að fá þessa músík frá þessum listamönnum, þar á meðal eru Hugar og Helgi Jónsson. Þarna er líka verk sem ég samdi út frá einni Debussy prelúdíunni, það er fyrsta tónverkið mitt sem kemur út á plötu.

Ég fæ fyrirfram eintök af plötunni frá Deutsche Grammophon og árita hana. Þannig að þótt það sé ár síðan síðasta plata kom út þá verða þetta samt útgáfutónleikar með nýrri plötu! Það hittist ótrúlega vel á."

Deilir vangaveltum

Víkingur Heiðar segist mjög spenntur fyrir tónleikunum. „Ég ætla að gera það sama og ég hef gert á fyrri útgáfutónleikum, segja nokkur orð á milli sumra verka og deila vangaveltum mínum um tónlistina og þessi tónskáld og hvernig ég hugsa þetta samtal sem á sér stað á plötunni og efnisskrá tónleikanna."

Að loknu hléi flytur Víkingur Heiðar eitt helsta meistaraverk rússneskra tónbókmennta, Myndir á sýningu eftir Modest Mussorgsky í umritun Vladimirs Horowitz. „Debussy, sem elskaði Mussorgsky, og Rameau fyrir hlé eru eins og myndir í tónum. Öll þessi þrjú tónskáld segja skýra og magnaða sögu í tónverkum sínum og það var tilvalið að brjóta upp dagskrána og flytja Myndir á sýningu. Það er eins og hátíð í bæ þegar það hljómar í Eldborg og vonandi svolítill upptaktur að upprisu tónlistarlífsins eftir langan vetrardvala."

Yfirgengilegir hápunktar í Wagner

TÓNLIST

Sinfóníutónleikar

★★★★★

Verk eftir Wagner og Martinu

Eldborg í Hörpu
fimmtudaginn 25. febrúar

Einleikari: Julia Hantschel
Stjórnandi: Eva Ollikainen

Tveir menn standa við þvottavél sem heitir Wagner. Annar maðurinn segir: „Þetta er frábær vél. En ekki velja „ring cycle" því þá tekur þvotturinn 15 tíma og í lokin kviknar í vélinni og allt flýtur um húsið."

Hér er vísað til fjögurra ópera eftir Wagner sem bera sameiginlega nafnið Niflungahringurinn. Þar er fjallað um örlög Sigurðar fáfnisbana, norrænu goðanna og alls heimsins. Wagner var stórhuga og óperurnar hans eru í kosmískri stærð. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið voru leikin tvö atriði úr óperunni Tristan og Isolde (sem reyndar er ekki í Niflungahringnum, heldur sjálfstætt verk). Þetta var forleikurinn og hinn svokallaði Ástardauði. Saga elskendanna fer ekki vel, og tónlistin er að sama skapi dökk. Engu að síður rís hún upp í hæstu hæðir, og áhrifamáttur hennar er geysisterkur.

Fagurlega mótað

Eva Ollikainen, stjórnandi hljómsveitarinnar að þessu sinni, var í banastuði. Leikur hljómsveitarinnar var vandaður og nákvæmur, fyllilega samtaka og fagurlega mótaður. Stígandin í spilamennskunni var sérlega mögnuð. Uppbyggingin var hæg en gríðarlega kröftug, og hápunktarnir svo yfirgengilegir að maður hefur sjaldan orðið vitni að öðru eins. Hvílík snilld!

Meiri Wagner var á dagskránni. Tenórinn Stuart Skelton söng hin svokölluðu Wesendonck ljóð við undirleik hljómsveitarinnar, en tónlistin er við ljóð eftir Mathildu Wesendonck. Þau eru tilfinningaþrungnar heimspekivangaveltur og er tónlistin og samruni hennar við textann kynngimögnuð opinberun.

Sum lögin eru skissur sem liggja til grundvallar Tristan og Isolde. Eitt þeirra heitir Í gróðurhúsinu, en þar tala tré saman og syrgja frelsið áður en þau lentu í núverandi vistarverum. Hugsanlega má tengja það við hugmyndir um að lífið á jörðinni sé útlegð mannssálarinnar frá Paradís. Þráin sem kraumar undir er alheimsleg.



Dásemd var á að hlýða, segir Jónas Sen. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breiður og tignarlegur

Túlkun Skeltons var þrungin tilfinningum, og var litróf þeirra fjölbreytt. Ég talaði áður um kosmíska stærð, en hana var einnig að finna í söngnum. Hann var breiður og tignarlegur, röddin bæði stór, en einnig fínleg þegar við átti. Dásemd var á að hlýða.

Auk Wagners var óbókonsert eftir Bohuslav Martinu á dagskránni. Julia Hantschel lék einleik. Verkið var skemmtilegt. Laglínurnar voru mestan partinn fjölbreyttar og stundum sniðugar, eins og tónskáldið réði sér ekki fyrir kæti. Hægi kaflinn samanstóð að miklu leyti af svokölluðu tónlesi, sem er mitt á milli tals og söngs. Vissulega var enginn söngur hér, en hægt er að syngja á hljóðfæri þó að orð séu ekki til staðar. Bæði tónlesið og allt annað í konsertinum var fullt af merkingu. Hver einasta hending sagði sögu, sem einleikarinn og hljómsveitin miðluðu af aðdáunarverðri fagmennsku og með næmri tilfinningu fyrir stíl tónskáldsins. Það gerist varla betra. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Tónleikarnir voru með þeim glæsilegri sem undirritaður hefur farið á.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur
í miklu úrvali



Hjólafesting
á bíl
frá 4.995



Viðgerðar-
kollur
7.495



Jeppatjakkur
2.25T 52cm
19.995

49.999
Vélagálgi 2T



Viðgerðarbretti
4.895



Hjólatjakkur
2T m/tösku
4.795



1.999
Álskóflur



9.985
Vélastandur 500kg



AirBrush
loftdæla
19.995



6T Búkkar
605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995
Hleðslutæki 12V 6A



39.995
Verkfæraskápur
á hjólum

99.999
Verkfæraskápur
á hjólum m/verkfærum



frá 795
Mikið úrval af
verkfæratöskum



Steðjar í
miklu úrvali



7.995
1/2 Toppasett



3.995
1/4 Toppasett



Vice Multi
angle
6.985



14.995
1/2+1/4
Toppasett Kraft-
mann 94stk



5.995
Verkfærasett
108 stk



4.995
Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali,
1.5M/3M/5M 3/
4/5/6/8 tengla





15.995
Ranamyndavél

Mikið úrval af LED
kösturum og ljósum





Verðmæta-
skápar
frá 5.995



Sandkassa-
grafa
4.995



Lyklabox
í miklu
úrvali



4.995
Verkfæraset



1.995
Burstasett í borvél



Lím-
byssur
frá 995



Vasaljós og lugtir,
yfir 30 gerðir



13.995
Flísasög 80mm

Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995





9.999
Silverline LI-ion
18V hleðslubor-
vél 13mm

Fjölsög
Höfftech
5.999





Rafmagnsvírtalíur
í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995
Súluborvél 350W



16.995
Metabo
KS216 bútsög



14.995
SDS Lofthöggvél GMC
SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

DAGSKRÁ

Fimmtudagur



HRINGBRAUT

20.00 Mannamál Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við Pál Magnússon, alþingismann og fyrrverandi útvarpsstjóra og fréttastjóra um ævintýralegt lífshlaup hans.
20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón. Páll Ketilsson. Framleiðandi. Víkurfréttir ehf.
21.00 21 - Fréttaþáttur á fimmtudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Kastljós
09.50 Menningin
10.00 Bækur og staðir
10.10 Spænska veikin Fyrri hluti.
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Smáborgarasýn Frímanns
11.50 Landakort Snorri Eldjárn Hauksson.
11.55 Heimaleikfimi
12.10 HM í skíðagöngu Bein útsending frá keppni í boðgöngu kvenna.
13.15 Eldað með Ebbu
13.45 Óvæntur arfur
14.45 Svikabrögð
15.15 Norskir tónar Hovedscenen. KORK i Store studio.
16.15 Músíkmolar
16.30 Manndómsár Mikkos - Önnur þrautin - hlaup
17.00 Martin læknir .
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin s
18.25 Lars uppvakningur
18.40 Lúkas í mörgum myndum
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu.
20.05 Kveikur
20.40 Börnin í hjarta Afríku
21.05 Ljósmóðirin Call The Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð Criminal Minds
23.00 Undirrót haturs Why We Hate
23.40 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.45 PGA Tour 2020 Útsending frá Arnold Palmer Invitational.
12.55 LPGA Tour 2020 Útsending frá Drive On Championship.
15.00 LPGA Tour 2021 Útsending frá Drive On Championship at Golden Ocala.
18.00 PGA Tour. The Cut 2021
18.25 2021 PGA Tour Champions Learning Center
19.00 PGA Tour 2021
22.50 PGA Special. The Alamo 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 Man with a Plan
16.40 Family Guy
17.00 The King of Queens
17.20 Everybody Loves Raymond
17.45 Dr. Phil
18.30 The Late Late Show
19.15 The Kids Are Alright
19.40 Single Parents
20.10 Með Loga
20.45 Hver drap Friðrik Dór? Skemmtilegir heimildarháðsþættir þar sem fylgst er með Villa Netó rannsaka meint andlát söngvarans Friðriks Dórs. Í upphafi verður Villi að athlægi en í leit sinni að sannleikanum kemst hann að því að samsærið er stærra en nokkurn hefði grunað.
21.25 9-1-1
22.15 Fargo
23.05 The Late Late Show
23.50 Station 19
00.35 The Resident
01.20 Law and Order. Special Victims Unit
02.05 Your Honor
03.05 Cold Courage
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegið seinni hluti
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið Trommukjuðarnir mæta Básúnunum.
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóníutónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.09 Lestur Passíusálma (26 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.15 Lego DC Comics Super Heroes. The Flash
13.30 Dan in Real Life
15.10 Early Release
16.35 Lego DC Comics Super Heroes. The Flash
17.55 Dan in Real Life
19.30 Early Release
21.00 The Hustle
22.30 Blumhouse's Truth or Dare
00.10 Tully
01.40 The Hustle

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Veronica Mars
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 Cheat
10.55 It's Always Sunny In Philadelpia
11.15 All Rise
11.55 Fresh off the Boat
12.20 Dýraspítalinn
12.35 Nágrannar
12.55 Gossip Girl
13.35 You're the Worst
14.00 You're the Worst
14.25 All Rise
15.15 Liberty. Mother of Exiles
16.30 Bibba flýgur
16.55 Nostalgía
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 BBQ kóngurinn Grillþættir af bestu gerð þar sem Alfreð Fannar býður okkur aftur velkomin á pallinn heima hjá sér í Grindavík.
19.40 Temptation Island USA
20.25 Hell's Kitchen USA
21.10 The Blacklist
21.55 NCIS. New Orleans
22.40 Real Time With Bill Maher
23.35 Tell Me Your Secrets
00.25 Prodigal Son 2
01.10 Finding Alice
01.55 Veronica Mars
02.35 The O.C.
03.20 Cheat
04.05 It's Always Sunny In Philadelpia 14

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Office
21.10 Brother vs. Brother
21.55 Svínasúpan
22.20 Nashville
23.05 Roswell, New Mexico
23.45 Friends
00.10 Friends
00.30 The Office

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Þór Þ. - Njarðvík Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
10.40 Stjarnan - Tindastóll
12.20 Dominos Körfuboltakvöld
13.35 Skallagrímur - Breiðablik Útsending frá leik í Dominos-deild kvenna.
15.15 Keflavík - Haukar
17.00 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
17.45 1 á 1 með Gumma Ben. Rúnar Páll Sigmundsson
18.05 ÍR - Tindastóll Bein útsending frá leik í Dominos- deild karla.
20.10 Njarðvík - KR Bein útsending frá leik í Dominos-deild karla.
22.00 Dominos Tilþrifin 12. umferð
22.50 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
23.35 Afturelding - Fram Útsending frá leik í Olís-deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 Atalanta - Crotone
09.25 Benevento - Hellas Verona
11.05 Fiorentina - Roma
12.45 Genoa - Sampdoria
14.25 Sassuolo - Napoli
16.05 Cagliari - Bologna
17.50 AC Milan - Udinese
19.35 Parma - Inter Milan Bein útsending.
21.40 Benevento - Hellas Verona
23.20 Fiorentina - Roma

Skemmtilegir aukahlutir fyrir káta krakka



Planet Buddies krakkaheyrnartól

Fáanlegir litir:

Verð frá
2.993 kr.
Almennt verð 3.990 kr.



Planet Buddies hátalari

Fáanlegir litir:

Verð
3.743 kr.
Almennt verð 4.990 kr.



Planet Buddies spjaldtölvustandur

Fáanlegir litir:

Verð
2.993 kr.
Almennt verð 3.990 kr.

Kauphlaup í verslunum og á vodafone.is

Tilboðið gildir frá 3.-8. mars, á meðan birgðir endast.

vodafone



Tveir af þremur Höturum sitja fyrir svörum í Háskólabíói í kvöld.

Hatarar ræða um listina í bíó

Heimildarmyndin um Eurovision-ævintýri Hatara, A Song Called Hate, er sýnd í Háskólabíói og sýningin í kvöld verður nokkuð sérstök þar sem hlutverk listarinnar og listamanna verður til umræðu að sýningu myndarinnar lokinni.

Fríða Björg Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands, stýrir umræðunum en Hatararnir Matthías Tryggvi Haraldsson og Klemens Hannigan, sem einnig eru hollnemar LHÍ, munu sitja fyrir svörum ásamt Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, leikstjóra myndarinnar.

Eurovision-gjörningur Hatara árið 2019 var eins og löngu frægt er orðið vægast sagt umdeildur og um tíma virtist sem spjótin stæðu á listahópnum úr öllum áttum eftir að þau héldu í óvissuferðina sem enginn vissi hvernig myndi enda. Staðráðin í að taka sér dagskrárvaldið og setja Eurovision í pólitískt samhengi átakanna á milli Ísrael og Palestínu lögðu þau af stað með fyrirheit um óvæntar uppákomur sem áttu svo sannarlega eftir að verða að veruleika.

Anna Hildur lagði við gerð A Song Called Hate upp með spurninguna um hvort óþekktir jaðarlistamenn frá Íslandi gætu komist í gegnum meginstrauminn með skilaboð sín en á leiðinni vöknuðu hins vegar margar spurningar um hlutverk listarinnar og listamannsins í samfélaginu.

Umræðusýning A Song Called Hate verður í Sal 1 í Háskólabíói þar sem myndin byrjar klukkan 19.30 og umræðurnar hefjast strax og sýningunni lýkur klukkan 21.

Hefnd stærðfræðilúðanna

KVIKMYNDIR

Retfærdighedens ryttere
★★★★★

Leikstjórn: Anders Thomas Jensen
Aðalhlutverk: Mads Mikkelsen, Nikolaj Lie Kaas, Andrea Heick Gadeberg, Lars Brygmann, Nicolas Bro



Andrea Gadeberg og dönsku landsliðsleikararnir halda klikkaðri myndinni saman með mergjuðu samspili sínu.

Daninn Mads Mikkelsen er náttúrlega með ólíkindum góður leikari og tvær síðustu myndir hans, Druk og Retfærdighedens ryttere, taka af öll tvímæli um að hann er alfarið okkar maður en í þeirri síðarnefndu er hann mættur til leiks í algeru toppformi og hefndarhug.

Mikkelsen er nánast óþekkjanlegur, snoðaður og gráskeggjaður, í hlutverki hermannsins Markus sem þarf óvænt að drífa sig heim frá átakasvæði til þess að sinna unglingsdóttur sinni, Mathilde, sem lifði af lestarslys sem kostaði móður hennar og eiginkonu hans lífið.

Afsönnun tilviljunar

Markus er að vísu ekki líklegur til að geta gert mikið fyrir stúlkuna þar sem hann er eins og eitraður karlmaður af gamla skólanum. Hann er tilfinningakrepptur í keng og ákveður því eðlilega að þau eigi að takast á við sorgina með þögninni. Það er að segja þangað til stærðfræðingurinn Otto bankar upp á og setur af stað vægast sagt klikkaða atburðarás.

Otto þessi hefur nánast reiknað frá sér allt vit með þráhyggjukenndum tilraunum til þess að setja tilviljanir í rökrétt samhengi og situr uppi með að hafa lifað lestarslysið af fyrir algera tilviljun eftir að hafa boðið eiginkonu Markusar dauðasætið sitt. Hann telur sig hins vegar hafa komist að því með yfirvegaðri rökleiðslu að slysið var ekkert slys heldur þaulskipulagt morð á lykilvitni í réttarhöldum gegn stórhættulegu mótorhjólagengi, Riddurum réttlætisins.

Formúlur og fagrar vélbyssur

Markus stekkur á kenningu Ottos enda veit hann vel, sem einhvers konar nútíma Egill Skalla-Grímsson, að ekkert slær betur á sorgina en að finna einhvern sem hægt er að hefna sín á.



Fyrirliðinn Mads Mikkelsen er öflugur leiðtogi lúðanna sem villast út í tilviljanakenndan hefndarleiðangur. MYND/ZENTROPA

Einkennilegan hefnendahópinn fylla síðan tveir félagar Ottos, hakkarar og tölvusérfræðingar, sem eru í það minnsta hálfu skrýtnari en hann sjálfur en sameinaðir þrengja þeir að meintum lestarmorðingja og vélhjólahyskinu þannig að Markus fær að láta verkin tala í trylltum hefndarhug.

Þarna hrekkur gráglettin og afskaplega hjartnæm kómedía um skrítna karla í kreppu í fimmta gír og snýst upp í skemmtilega ofbeldisfullan og blóði drifinn tilvistarheimspekilegan óð til lífsins sem gengur aldrei fullkomlega upp. Alveg sama hvaða sviðsmyndir eru dregnar upp og reiknikúnstum er beitt þá verður lífið alltaf óreiða.

Dásamlegir klikkhausar

Nikolaj Lie Kaas leikur Otto en þeir Mikkelsen eru verðskuldað meðal dáðustu leikara Dana og hafa áður farið á kostum undir stjórn Thomas Jensen. Til dæmis í Blinkende lygter og De grønne slagtere.

Þegar þeir Lars Brygmann og Nicolas Bro, sem síðast sást til í hinum mögnuðu þáttum DNA, bætast í hópinn í hlutverkum hinna furðufuglanna tveggja, Lennart og Emmenthaler, má með sanni segja að Mikkelsen fari hér fyrir danska karlalandsliðinu í kvikmyndaleik.

Allir eru þessir menn misflóknir rembihnútar tilfinninga og í raun alveg ofboðslega tragískar persónur en það er svo sem eftir djöflinum dönskum að komast upp með að bregða spéspegli á andlegar þjáningar þolenda mansals, kynferðislegrar misnotkunar og eineltis.

Stærðfræðidæmisögur

Riddarar réttlætisins er rökfræðilega ruglaður og brjálæðislega skemmtilegur bræðingur kostulegrar persónustúdíu, heimspekilegs hefndardrama og geggjaðrar gamanmyndar með mátulega subbulegum ofbeldisgusum þannig að skammt er milli skellihláturs, spennu og sárra tilfinninga.

Raunsæið er ekkert að trufla söguþráðinn og allt er þetta vel ýkt og sérvitrar persónurnar hanga mikið til saman á sígildum grínklisjum með óvenjulega hæfileika, jafnvel næstum ofurkrafta, sem gott getur verið að búa yfir þegar glensið rennur út í grimmilegan hasarharmleik.

Því fer þó fjarri að Riddarar réttlætisins sé aðeins grín og hefndardrama heldur eiginlega þvert á móti og rétt eins og stærðfræðilúðarnir reikna sig niður öngstræti tilveru með óendanlegt flækjustig hverfast heimspekilegar pælingar myndarinnar um tilgangsleysi hefndarinnar, merkingarleysi atburða, markleysi tilviljana og gagnsleysi reiðinnar. **Þórarinn Þórarinsson**

NIÐURSTAÐA: Tragískur en drepfyndinn ofbeldisfarsi með Mads Mikkelsen fremstan meðal jafningja. Gott bíó verður ekki mikið betra.

Þokukennd veröld Billie Eilish

KVIKMYNDIR

Billie Eilish:The World's a Little Blurry
★★★★½

Leikstjórn: R.J. Cutler
Aðalhlutverk: Billie Eilish, Finneas O'Connell, Maggie Baird, Patrick O'Connell



Aðdáendur Billie Eilish fá að kynnast henni nokkuð náið í myndinni þar sem hún kemur til dyranna eins og hún er klædd og þá oftast í náttfötum.

Billie Eilish verður tvítug í desember. Hún var sautján ára þegar fyrsta platan hennar When We Fall Asleep, Where Do We Go? sló í gegn með slíkum ósköpum að vinsældir hennar og velgengni í kjölfarið stappa nærri sturlun.

Oft hefur verið þeytt í heimildarmyndir af minna tilefni og Billie Eilish: The World's a Little Blurry er 140 mínútna happafengur fyrir aðdáendur söngkonunnar og líkleg til þess að fjölga eitthvað í þeim hópi þótt þeir sem standi fyrir utan þyki líklega mörgum full vel í lagt.

Apple TV+ sló eign sinni á myndina og þaðan er henni streymt og mögulega hentar slíkt áhorf lengd hennar betur þegar hægt er að gera hlé eftir þörfum. Sannir áhorfendur hljóta þó að vilja njóta myndarinnar í allri sinni dýrð í bíó en þar er tíminn naumt skammtaður og þannig verður hún á tjaldinu í Smárabíói í síðasta sinn í dag. Hvað þau áköfustu athugi.

Leikstjórinn R.J. Cutler kemst býsna nærri Eilish en þótt hún virki afskaplega opin og einlæg fær maður stundum á tilfinninguna að ýmislegt sem gæti gefið fyllri heildarmynd sé markvisst látið liggja milli hluta. Cutler kemst þó það nærri henni að í ljós kemur að undir töffaraímyndinni leynist ósköp venjulegur unglingur sem er þjakaður af efasemdum um eigið ágæti og er stundum við það að sligast undan yfirnáttúrulegu álaginu og myndin rís hæst og segir áhorfendum mest um manneskjuna Billie Eilish þegar hún er í faðmi fjölskyldunnar og að semja lög með Finneas, bróður sínum, sem virðist vera einhvers konar séní á því sviði.

Þá er ekki að sjá annað en foreldrar hennar, þau Maggie og Patrick, séu salt jarðar og ósköp fallegt að fylgjast með þeim reyna allt sem í þeirra valdi stendur til þess að vernda litlu stelpuna sína fyrir hversdagslegum háska tilverunnar ekki síður en skuggahliðum frægðarinnar.

Greinilega alltaf sama taugatrekkjandi atið að reyna að koma börnunum sínum í heilu lagi til manns og maður treystir því bara að með svona vandaða foreldra verði Billie forðað frá örlögum Amy Whinehouse eða Britneyjar Spears.

Myndin er tvær og hálf klukkustund sem er full langt fyrir þá sem ekki eru innvígðir og innmúraðir en ég hef tólf ára dóttur mína fyrir því að myndin er „alveg geggjuð“ og hún hefði gjarnan viljað enn meira. Fyrir pabbann var þetta allt saman vel bærilegt þar sem Billie er ofboðslega sjarmerandi og áhugaverð manneskja sem fer létt með að heilla með tónlist sinni og sviðsframkomu. **Þórarinn Þórarinsson**

NIÐURSTAÐA: Tilfinningum hlaðin og áhugaverð innsýn í líf Billie Eilish í tali, tónum og tónleikum. Skuggahliðum samfélagsmiðlafrægðarinnar er haldið sæmilega til haga í mynd sem stendur undir þremur stjörnum fyrir fimmtugan pabba en fimm hjá tólf ára dóttur þannig að feðginin sættast á fjórar.

Kjarabíla vika!

100.000 kr. GJAFAKORT

VALDIR NÝIR BÍLAR Á EINSTÖKU VERÐI

100.000 KR. GJAFAKORT FYLGIR KJARABÍLUM TIL 6. MARS

KJARAVERÐ
4.450.000 kr.



VYN64

Nissan Qashqai Acenta

Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 4.950.000 kr.

KJARAVERÐ
6.590.000 kr.



AGU84

Nissan X-Trail Acenta+

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 7.290.000 kr.

KJARAVERÐ
5.990.000 kr.



ZVF21

Subaru XV Premium

E-Boxer Hybrid, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 6.490.000 kr.

KJARAVERÐ
4.490.000 kr.



NTP88

Nissan Juke N-Connecta

Bensín, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 4.922.000 kr.

KJARAVERÐ
4.139.500 kr.



DBY67

Renault Nýr ZOE

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 4.870.000 kr.

KJARAVERÐ
3.943.548 kr. án vsk.
4.890.000 kr. m. vsk.



AFK06

Renault Trafic Business-stuttur

Dísil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 4.592.742 kr. án vsk.
Listaverð: 5.695.000 kr. m. vsk.

KJARAVERÐ
4.090.000 kr.



KBM24

Dacia Duster Comfort

Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bíll

Listaverð: 4.450.000 kr.

KJARAVERÐ
3.250.000 kr.



GJA40

Renault Clio V Intens

Dísil, framhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bíll

Listaverð: 3.690.000 kr.

KJARAVERÐ
7.390.000 kr.



ESB40

MINI Countryman SE Pepper

Tengiltvinnbíll, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluaksturbíll

Listaverð: 8.1450.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM004726

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Í kvöld
á Hringbraut





Átökin í Eyjum
eru persónuleg

Páll Magnússon alþingismaður, fyrrverandi útvarpsstjóri, fréttastjóri og gröfustjóri í Eyjum, lætur allt flakka í hispurslausu samtali sínu við Sigmund Erni í Mannamáli í kvöld. Hann ræðir átökin í Eyjum, klofninginn, fréttastjóraárin, Stöðvar 2 ævintýrið, hlutverk RÚV, drykkjuna, sáttina og nafnbótina „að geta unnið með Kára Stefáns".

Ekki missa af Mannamáli
í kvöld kl. 20.00.

FRÉTTIR, FÓLK &
MENNING á Hringbraut
og hringbraut.is

Fylgstu með!



Árni Beinteinn og Þórdís voru saman í bekk í leiklistarnámi við Listaháskóla Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Sjö ára í svaðilför með búálfi til mannheima

Árni Beinteinn og **Þórdís** fara með helstu hlutverk í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á leikritinu ástsæla Benedikt búálfi. Þau eru sammála um að magnað teymi standi að baki uppsetningunni.

Þau Árni Beinteinn Árnason og Þórdís Þorfinnsdóttir fara með aðalhlutverkin í uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Benedikt búálfi. Þau voru saman í bekk í Listaháskóla Íslands og eru til-tölulega nýútskifuð úr leiklistarnáminu.

„Það var alveg frábær bekkur, ótrúlegur hópur af hæfileikaríkum og skemmtilegum leikurum. Við vorum miklir vinir og unnum mjög vel saman. Þetta var dýrmætur tími," segir Þórdís, oftast kölluð Dísa.

„Við Dísa höfum unnið saman í atvinnuleikhúsi síðan 2005. Við eigum því bæði sextán ára leikafmæli í ár," segir Árni.

„Það er því óhætt að segja að Árni Beinteinn hafi verið minn nánasti samstarfsmaður til fjölda ára. Núna síðast lékum við saman hér fyrir norðan í söngleiknum Vorið vaknar (e. Spring awakening) síðasta vor sem var ótrúlega skemmtilegt ferli," segir Dísa.

Magnaður ævintýraheimur

Bæði segjast þau einstaklega spennt fyrir uppsetningunni á Benedikt búálfi.

„Fólk í kringum okkur er mjög áhugasamt enda er þetta án efa einn ástsælasti íslenski fjölskyldusöngleikur síðari ára. Umtalið er mikið enda þekkja flestir verkið síðan það var sett upp fyrir tæpum tuttugu árum. Þessi magnaði ævintýraheimur og stórskemmtilega tónlistin hafa lifað góðu lífi síðan þá," segir Dísa.

„Verkið fjallar um Benedikt búálf sem er sendur í leiðangur til mannheima til að sækja Dídí, sjö ára fótboltastelpu. Upp er komið skelfilegt hættuástand í Álfheimum og mannabarnið Dídí er eina von álfannna. Saman fara þau í ferðalag um Álfheima til að finna út hvar Tóti tannálfur er niður kominn, en hann hefur horfið sporlaust. Með þeim í för slæst vígalegur dreki og þeim mæta ýmsar áskoranir á leiðinni. Það eru litríkar persónur og töfrandi tónlist glæða sýninguna miklu lífi svo allir ættu að geta notið," segir Árni.

> ÉG VEIT EKKI HVAÐ ÞAÐ ER VIÐ MIG EN ÆTLI ÉG SÉ EKKI BARA ALGJÖR BÚÁLFUR Í GRUNNINN.

„Við tjöldum öllu til og það er óhætt að segja að við tökum þetta skrefinu lengra en áður hefur verið gert. Listræna teymið í kringum sýninguna er gífurlega metnaðarfullt og hvergi slegið af kröfunum. Þorvaldur Bjarni hefur útfært alla tónlistina upp á nýtt og bætt við nýjum frábærum lögum sem eiga örugglega eftir að vekja mikla lukku. Karl Ágúst steig líka inn og uppfærði handritið sem gerir söguna enn skýrari og margslungnari. Svo erum við náttúrulega með söngleikjagoðsögnina Lee Proud, sem sér um dans og sviðshreyfingar. Allt sem sá maður snertir breytist í gull," segir Dísa.

„Við byggjum þetta auðvitað allt á þeim góða grunni sem Ólafur Gunnar Guðlaugsson, skapari sögunnar, hefur búið til. Það er alveg einstaklega fallegur heimur og boðskapurinn góður. Fyrri útgáfan heppnaðist mjög vel og stendur vissulega fyrir sínu en þessi uppfærsla verður gjörólík. Vala Fannell leikstýrir sýningunni og gerir það einstaklega vel eins og hennar er von og vísa. Þetta er í fyrsta sinn sem við vinnum með henni og hennar fyrsta verk í atvinnuleikhúsi og það er óhætt að segja að hún sé leikstjóri á hraðri uppleið. Vonandi fáum við tækifæri til að vinna með henni aftur," segir Árni.

Algjör búálfur

Frá því að ljóst var að Benedikt búálfur yrði settur á svið var fólk í kringum Árna byrjað að segja að hann væri tilvalinn búálfur.

„Ég veit ekki hvað það er við mig en ætli ég sé ekki bara algjör búálfur í grunninn. Ég tengi líka mikið við rauða hárið því ég hef leikið rauðhærðar persónur frá því að ég var lítill snáði, til dæmis Vinnie í „Shut your face Vinnie"-sketsunum í Stelpunum," segir hann.

„Ég myndi líka segja að rauða hárkollan fari þér einstaklega vel. Svo ertu líka bara svo hrikalega vinalegur, þú ert að minnsta kosti eini maðurinn sem ég myndi treysta fyrir sjö ára barni í svaðilför til Álfheima," segir Dísa.

„Dísa er líka eina þrítuga konan sem fólk myndi trúa að væri sjö ára á sviði. Það er ótrúlegt hvernig hún hreyfir sig," bæti Árni við og þau hlæja.

„Árni er minn helsti peppari eins og þú heyrir. En ég tengi líka vel við Dídí sem karakter. Ég er reyndar rosalega langt frá því að vera einhver fótboltastelpa, enda er mér meinilla við bolta eins og Dídí reyndar líka. En Dídí skortir stundum sjálfstraust og það er eitthvað sem ég á auðvelt með að tengja við því auðvitað á maður það til að missa stundum trú á sjálfum sér, sérstaklega í leikhúsbransanum þegar tækifærin eru ekki á hverju strái. En í gegnum verkið fylgjast áhorfendur með því hvernig Dídí tekst á við hræðsluna og öðlast hugrekki," segir Dísa.

Þau segja börn geta verið virkilega krefjandi áhorfendur og gefi oftast engan afslátt.

„Við erum bæði vön að leika fyrir allan aldur og bestu fjölskyldusýningarnar eru þær sem allir geta haft gaman af," segir Dísa.

„Benedikt búálfur spannar allan tilfinningaskalann. Þó að gleðin sé auðvitað mikil þá kynnumst við líka myrkum persónum. Það má alveg búast við því að yngstu áhorfendurnir muni upplifa smá hræðslu en í öruggu umhverfi leikhússins ætti það nú bara að vera eftirminnilegt og áhrifaríkt. Svo fer auðvitað allt vel að lokum," segir Árni.

„Rólegur að spilla endanum fyrir öllum, Árni," segi Þórdís og hlær.

Miða á Benedikt Búálf er hægt að nálgast á tix.is.

steingerdur@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

ALLT TIL ALLS Í NÆSTU NETTÓ!



Lambahryggur
Fylltur
3.149 KR/KG
ÁÐUR: 4.499 KR/KG
KJÖTSEL



Kjúklingalæri
Úrbeinuð
KJÖTSEL
1.749 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG



Grísakinnar
Marineraðar
827 KR/KG
ÁÐUR: 1.379 KR/KG



Nautastrimlar
Fajitas
1.799 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG



16" Pizza margarita
Alibaba
700 KR/STK
ÁÐUR: 1.399 KR/STK

GÆÐAKJÖT Á FRÁBÆRU VERÐI!



Nauta T-bone
Fullmeyrnað
2.925 KR/KG
ÁÐUR: 3.799 KR/KG
KJÖTSEL



Acidophilus Plús
Guli miðinn - 120 töflur
1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.599 KR/PK

Kiwi
275 KR/KG
ÁÐUR: 549 KR/KG





Vínarbrauð
Pecan
149 KR/STK
ÁÐUR: 229 KR/STK



Súrdeigsbrauð
608 gr
337 KR/STK
ÁÐUR: 519 KR/STK

netto
Lægra verð – léttari innkaup

VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 4.–7. mars

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Ameríkskir dagar

Sealy **PORTLAND**
heilsurúm með classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Portland er með góðum og sterkum poka-gormum og kantstyrkingum. Dýnan er millistíf og með pillow top úr mismunandi stífum svamplögum og trefja lagi. Mýkt á móti stífum og góðum gormum. Áklæðið er mjúkt og gott bómullaráklæði sem andar einstaklega vel. Dýna sem hentar öllum sem vilja gæða vörumerki og vandaða vöru.

Verðdæmi: 160 x 200 cm m/Classic botni – Fullt verð: 184.900 kr.

Aðeins **147.920 kr.**

Sealy **SEATTLE**
heilsurúm með classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Vönduð og góð, millistíf heilsudýna með pokagormum sem gefa fullkominn stuðning. Hún er svæðaskipt og því mýkri á okkar þyngstu stöðum eins og öxlum og mjöðmum. Náttúrulegt Talalay latexi í bland við mismunandi svamptegundir gefur henni gott loftflæði..

Verðdæmi: 180 x 200 cm m/Classic botni – Fullt verð: 189.900 kr.

Aðeins **151.920 kr.**

Sealy **WASHINGTON** heilsurúm með classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Virkilega vönduð dýna og hentar fólki á öllum aldri.

Washington heilsudýnan er með einstaklega vönduðu tvöföldu pokagormakerfi, kantstyrkingum og vandaðri og þægilegri yfirdýnu Gormakerfinu er skipt upp eftir svæðum þannig að það er með meiri stuðning þar sem við erum þyngri eins og öxlum og mjöðmum. Lítil sem engin hreyfing finnst milli rekkjunauta.

Yfirdýnan (topperinn) er samsett úr fjórum lögum og þar á meðal er gel lag (gel infused memory foam) sem lagast algjörlega að líkamanum og heldur honum í réttri stellingu alla nóttina. Áklæðið utan um dýnuna er silki og bómullarblanda sem andar einstaklega vel sem og gefur extra mýkt. Millistíf dýna.

Verðdæmi: 160 x 200 cm m/Classic botni – Fullt verð: 264.900 kr.

Aðeins **211.920 kr.**

Verðdæmi: 180 x 200 cm m/Classic botni – Fullt verð: 279.900 kr.

223.920 kr.

Sealy Styður við bakið á þér!

Sealy **BROOKLYN**
heilsurúm – dýna, botn, fætur og gafl



Brooklyn heilsurúmin frá Sealy fást í tveimur stærðum; 160x200 og 180x200 cm. Þau koma í gráu sléttflaueli. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er millistíf yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Brooklyn 160 x 200 cm heilsurúm – Fullt verð: 279.900 kr.

Aðeins **223.920 kr.**

Brooklyn 180 x 200 cm heilsurúm – Fullt verð: 299.900 kr.

239.920 kr.

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingareru birtar með fyrirvara um prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

ER FERMING?

ÆTLAR ÞÚ AÐ KOMA FERMINGARBARNI Á ÓVART?



ALLAR SÆNGUR, ALLIR KODDAR OG ÖLL RÚMFÖT MEÐ

20%

FERMINGAR **AFSLÆTTI**

GLÆSILEG VIÐBÓTARGJÖF TIL FERMINGARBARNSINS

Nú er 20% afsláttur af heilsurúmum frá Sealy. Auk þess fylgir nú veglegur kaupauki – Aspen fjallahjól – að verðmæti 59.000 krónur* þegar keypt er rúm (dýna og Classic botn) í stærðunum 120 eða 140 cm.

Sealy **PORTLAND**
FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 155.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **124.720 kr.** með Aspen fjallahjóli



140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 169.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **135.920 kr.** með Aspen fjallahjóli

Fylgir
Sealy Portland og Seattle í stærðunum 120 og 140 x 200 cm
á meðan birgðir endast



Aspen fjallahjól

- 26"
- 21 gír
- demparar á framöxli
- diskabremsur að framan og aftan
- standari
- glitaugu

Sealy **SEATTLE**
FERMINGARTILBOÐ

120 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 145.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **116.720 kr.** með Aspen fjallahjóli



140 x 200 cm m/Classic botni - Fullt verð: 159.900 kr.
Fermingartilboð aðeins **127.920 kr.** með Aspen fjallahjóli

* á meðan birgðir endast - athugið skilaskilmála.

– Svefn 13-18 ára, vefur Heilsuveru –

„Góður svefn hefur jákvæð áhrif á námsgetu, einbeitingu og minni, hjálpar til við upprifjun og úrvinnslu úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn og þær upplýsingar festast í minninu, eflir ónæmiskerfið og eykur mótstöðu gegn veikindum. Hann er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska unglingsins. Á unglingsárunum eiga sér stað miklar hormónabreytingar í líkamanum. Mikill hluti þeirra hormóna framleiðist á nóttunni og er sú framleiðsla háð góðum nætursvefni.“ (sótt á www.heilsuvera.is)

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR



Kolbeins Marteinssonar

Nútíminn

Það er erfitt að spá, sérstaklega um framtíðina. Besta dæmið um slíkt eru vinsælar kvikmyndir sem gerðar voru fyrir 20-30 árum þar sem framtíðin sem við lifum núna var hin furðulegasta. Bílar flugu og fólk borðaði pillur í stað matar. Enginn virtist sjá fyrir samtengingu tölva um heim allan eða ofurnotkun símtækja með skjái og þær þjóðfélagsbreytingar sem því hafa fylgt.

Mannkynið er nefnilega einkar sjálfhverft og trúir því statt og stöðugt að þeir tímar sem það lifir hverju sinni séu nánast endastöð samfélagslegs þroska. Framtíðin muni því lítið breytast, nema kannski verða aðeins tæknilegri. Þannig fannst fólki á miðöldum örugglega álíka sjálfsagt að brenna fólk lifandi fyrir meinta galdra og okkur þykir í dag eðlilegt að láta stærstu fyrirtæki heims safna saman nánast öllum þeim upplýsingum sem þeim svo sýnist um okkur. Hvað við skoðum eða kaupum á Internetinu og hverja við umgöngumst.

Næst þegar þú horfir á barnið þitt á YouTube skaltu hafa í huga að samtímis eru öflugustu tölvur í heimi knúnar af gervigreind beintengdar við heila þess. Þeirra eina verkefni er að halda áhorfinu áfram með stöðugum uppástungum um ný myndbönd og auglýsingar. Sama á við um samfélagsmiðla sem eru nánast allir í eigu sama fyrirtækis. Fyrirtækis sem hefur sýnt að því er skítsama um afleiðingar falsfrétta og misnotkun á gögnum hvar sem það stingur niður fæti. Ég ætla því að spá því að í framtíðinni verði ofangreind starfsemi takmörkuð verulega og réttur okkar sem foreldra og neytanda verði tryggður, þannig að við stjórnum því sjálf hvernig eða hvort tæknifyrirtækin safna um okkur gögnum. En þangað til.

